V/3.3

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | RLS |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr.: 006-2002-0086 |
| Staður og stund: Reykjavík - föstudaginn 4. apríl 2003. Klukkan 09:30. | | |
| Sakarefni: Fjárdráttur – umboðssvik | | |
| Sakborningur/grunaður: Kristín Jóhannesdóttir | | Kennitala: 090363-3959 |
| Starf/staða: Framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaumur hf | | Vinnusími: 588-9990 |
| Lögheimili: Barðaströnd 9, Seltjarnarnes | | Sími: 561-1144 / 864-3539 |
| Dvalarstaður: | | Sími: |

Kristín er mætt til yfirheyrslu samkvæmt boðun. Henni er kynnt að verið sé að rannsaka þau atriði sem snúa að ætluðum ólögmætum lánveitingum af hálfu stjórnenda Baugs hf. Bæði er um að ræða almennar lánveitingar til stjórnenda og eigenda félagsins og lánveitingar til hlutafjárkaupa í félaginu.

Fyrir liggur að Kristín hefur verið varamaður í stjórn Baugs hf. frá 26.04.2000. Gögn frá Hlutafélagaskrá eru fyrir hendi. Kristínu er kynnt að bornar verða undir hana lánveitingar til stjórnenda félagsins á því tímabili sem hún hefur verið varamaður í stjórn í Baugs hf.

Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik skv. 249. gr. almennra hegningarlaga og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Rannsóknin beinist einnig að því að upplýsa hvort framin hafi verið brot á 36. og 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, svo og ákvæði reglugerðar nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Kristínu er kynnt að sem sakborningur sé henni ekki skylt að svara spurningum um sakarefnið en fyrir henni brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta.

Viðstödd yfirheyrsluna er Kristín Edwald, hdl. skipaður verjandi Kristínar. Einnig viðstaddur er Jón Lárusson, lögreglufulltrúi.

Kristín er beðin að gera grein fyrir stjórnarsetu sinni og þátttöku í stjórnarfundum og stjórnarákvörðunum.

Kristín segir að hún hafi komið inn í stjórn Baugs hf á aðalfundi árið 2000 sem varamaður, eins og komi fram í gögnunum frá Hlutafélagaskrá. Hún tekur það fram að það sé ekki regla innan stjórnar Baugs hf að boða varamenn á alla stjórnarfundi. Heldur sé sá háttur hafður á að varamenn séu boðaðir á fundina ef aðalmenn forfallist. Kristín segir að þegar verið sé að ræða stærri mál innan stjórnar þá hafi hún stundum mætt til að fylgjast með því sem væri að gerast á stjórnarfundunum, þá sem áheyrnarfulltrúi. Hún kveðst sem varamaður í stjórn ekki hafa atkvæðisrétt nema hún sé kölluð til fundar vegna forfalla aðalmanna. Kristín kveðst ekki geta sagt til um það nákvæmlega hve marga stjórnarfundi hún hafi setið á þessu tímabili sem hún hafi verið varamaður stjórnar Baugs hf.

06857

**Almennt um lánveitingar til starfsmanna, framkvæmdastjóra og stjórnenda Baugs og undirfyrirtækja:**

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um að framkvæmdastjórum undirfyrirtækja Baugs, stjórnendum móðurfélagsins svo og öðrum stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja Baugs hafi verið veitt lán frá Baugi hf. sem færð voru á viðskiptareikninga lántakendanna og mótfærslur bókaðar á lyklana "lán til framkvæmdastjóra" og "eigendur og stjórnendur-safn".

Kristín kveðst vita að það hafi verið gerðir kaupréttarsamningar varðandi hlutabréfakaup í Baugi hf við lykilstjórnendur félagsins. Hún kveðst vita að ef þessir lykilstarfsmenn nýttu sér þessa kaupréttarsamninga þá hafi það getað verið fært inn á viðskiptareikninga viðkomandi starfsmanna. Hún kveðst hins vegar ekki þekkja kaupréttarsamning hvers og eins efnislega og því viti hún ekki hvernig þeir hafi verið nýttir og hve mikið hver og einn þessara starfsmanna hafi fengið lánað hjá félaginu til hlutabréfakaupa.

Varðandi þessa bókhaldslykla þá kveðst Kristín ekki vita neitt um þann þátt, hún þekki ekki hvernig þessar lánveitingar hafi verið færðar í bókhaldi Baugs hf.

**Lánveitingar bókaðar á #67910 "lán til framkvæmdastjóra":**

Kristínu er kynnt að við húsleit lögreglunnar á aðalskrifstofu Baugs hf hafi bókhaldskerfi félagsins verið afritað. Skv. stöðu bókhaldsins þann 28. ágúst 2002 þegar afritunin var gerð voru 16 starfsmenn Baugs og undirfyrirtækja í skuld á reikningnum "lán til framkvæmdastjóra" samtals að fjárhæð kr. 33.216.798. Kristínu er kynnt samantekt endurskoðenda RLS varðandi hreyfingar á viðskipta- og lánadrottnareikningum hluthafa og stjórnenda Baugs hf frá 1998 til 28. ágúst 2002.

Undir Kristínu er borin samantekt endurskoðenda RLS - kafla 1.0 sem varðar sundurliðun á þessum lykli. Eins og fram kemur í skýrslu endurskoðendanna er um að ræða tvenns konar lánveitingar, almenn lán og lán til hlutabréfakaupa. Ljóst er að lán til hlutabréfakaupa hafa verið endurgreitt að mestu en samtals hefur framkvæmdastjórum Baugs og undirfyrirtækja verið lánað frá árinu 1998 til 28. ágúst 2002 kr. 42.963.968.

Ljóst er að fjárhæðirnar hafa staðið óbreyttar og vaxtalausar inni á þessum reikningi frá upphafi lánveitinganna.

Kristín er spurð hvort hún viti hvort lánveitingar þessar hafi verið gerðar með samþykki stjórnar Baugs hf.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um aðrar lánveitingar en lánveitingar til lykilstarfsmanna til hlutafjárkaupa í félaginu. Hún segir stjórnina sjá til þess að eftirlitsþættir innan fyrirtækisins séu virkir og tekur það fram að Baugur hf sé með fjármálastjóra sem haldi utan um fjármálin. Þá segir Kristín að Baugur hf hafi verið með innri endurskoðun frá árinu 2000, Auðbjörg Friðgeirsdóttur. Einnig bendir Kristín á að endurskoðunarskrifstofan KPMG sjái um endurskoðun fyrir félagið. Kristín segir að stjórn Baugs hf geri ráð fyrir að þessir aðilar gegni sínu hlutverki.

Aðspurð kveðst Kristín ekki vita til þess að það hafi verið fjallað um þessar lánveitingar á stjórnarfundum Baugs hf. Hún tekur þó fram að hún hafi ekki setið alla stjórnarfundi Baugs hf, enda varamaður stjórnar eins og komið hefur fram.



06858

Kristín er spurð hvort hú viti hver hafi tekið ákvarðanir um lánveitingar þessar sem færðar hafa verið á viðskiptareikninga lántakendanna og mótfærðar á bókhaldslykil #67910 "lán til framkvæmdastjóra".

Kristín kveðst ekki vita það.

Kristín er spurð hvort stjórn Baugs hafi fjallað um ákvæði 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga varðandi óheimilar lánveitingar hlutafélags til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þess. Einnig 2. mgr. sömu greinar varðandi óheimilar lánveitingar til hluthafa til hlutabréfakaupa í félaginu.

Kristín kveðst ekki minnast þess að ákvæði 104. gr. Hlutafélagalaga hafi verið ræddar sérstaklega á stjórnarfundum Baugs hf

Kristín er spurð hvort hún telji eða stjórn Baugs telji að stjórnendur Baugs sem ákvarðanir tóku um þessar lánveitingar hafi haft til þess heimildir.

Kristín segir stjórnendur Baugs hf hafa umboð stjórnar til daglegs reksturs á félaginu. Hún segir þá hafa heimildir til að efna þá kaupréttarsamninga sem gerðir hafa verið við lykilstarfsmenn félagsins. Aðspurð kveðst hún ekki vita til þess að stjórn Baugs hf hafi veitt umboð eða heimildir til almennra lánveitinga til stjórnenda eða eigenda félagsins. Kristín kveðst vilja taka það fram að henni sé ekki kunnugt um efni starfssamninga hvers og eins af stjórnendum Baugs hf.

Kristín er spurð hvort henni sé kunnugt um skyldu skv. lögum um ársereikninga að lánveitinga sem þessara hefði átt að geta í árshluta- og ársreikningum Baugs eða skýrslum stjórnar með ársreikningunum.

Kristín segir að KPMG endurskoðun sjái um endurskoðun fyrir Baug hf og það sé þeirra verkefni að ganga frá árshluta- og ársreikningum Baugs hf. Hún kveðst að öðru leyti ekki geta tjáð sig um þetta.

Kristín er spurð hvers vegna það hafi ekki verið gert.

Kristín kveðst ekki kunna skýringu á því.

Frammi liggur bréf Stefáns Hilmarssonar, ytri endurskoðanda Baugs hf., dags. 18. desember 2000 til Tryggva Jónssonar, aðstoðarforstjóra Baugs hf.:
*"Endurskoðun á rekstrarkostnaði aðalskrifstofu Baugs vegna ársins 2000."*

Í kafla 4 um "Lán til starfsmanna" á bls. 4 kemur eftirfarandi fram:

"Samkvæmt bókhaldslyklinum 67910 – lán til framkvæmdastjóra – hefur félagið lánað nokkrum starfsmönnum sínum samtals um 13,0 millj. kr. Fylgiskjöl sem liggja til grundvallar færslunum eru annað hvort í formi tölvupósts eða handskrifaðra blaða. Í sumum tilfellum liggur ekki fyrir hver hefur samþykkt lánveitinguna. Í engu tilvikanna kemur fram hvenær starfsmaðurinn eigi að endurgreiða lánið eða hvort henni beri að greiða vexti af láninu. Jafnframt eru dæmi um að lánin séu umfram útborguð laun starfsmannsins á uppsagnarfrestinum. Æskilegt væri að félagið setti reglur um framangreint."

Einnig liggur frammi greinargerð endurskoðanda Baugs, Stefáns Hilmarssonar dags. 17. maí 2002 en hún mun hafa verið kynnt stjórn á stjórnarfundi þann 23. maí 2002. Í kafla 2 í greinargerðinni fjallar endurskoðandinn um kröfur á starfsmenn og bendir á að þann 31.12.2001 séu þær samtals kr. 37.367.000. Jafnframt tekur hann fram að kröfurnar hafi ekki verið vaxtareiknaðar og endurgreiðslutími liggi ekki fyrir.



06859

Athugun á bókhaldi Baugs hf. sýnir að engin breyting hefur orðið á frágangi þessara lánveitinga þrátt fyrir athugasemdir endurskoðandans. Svo virðist sem staða þessara mála hafi verið óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfi félagsins afritað.

Kristín er spurð hvort stjórn félagsins hafi brugðist við þessum athugasemdum og þá hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar.

Kristín tekur það fram að hún hafi hvorugt bréfið séð fyrr. Hún segir Stefán Hilmarsson hafa mætt á stjórnarfundinn þann 23. maí 2002 og gerði grein fyrir efnisatriðum þessarar greinargerðar. Hún tekur það fram að greinargerðinni sjálfri var ekki dreift til stjórnarmanna, heldur gerði Stefán grein fyrir henni.

Kristín segir að Stefán hafi kynnt að verið væri að vinna að frágangi þessara mála og hafi stjórnin því talið að svo yrði gert. Hún kveðst ekki kunna skýringu á því að ekki var búið að ganga frá þessum málum þegar húsleit lögreglunnar var framkvæmd þann 28. ágúst 2002.

Kristín vill einnig taka það fram að hún muni ekki orðrétt hvernig Stefán kynnti greinargerðina og kveðst hún nú vera að draga ályktanir um það út frá efni greinargerðarinnar sem hún sé nú að lesa við þessa yfirheyrslu.

**Lánveitingar bókaðar á #74310 "eigendur og stjórnendur - safn":**

Kristínu er kynnt samantekt endurskoðenda RLS um færslur á þennan reikning í bókhaldi Baugs en mótfærslur eru á viðskiptareikninga viðkomandi eiganda/stjórnanda. Þann 28. ágúst 2002 skulduðu 7 eigendur og stjórnendur Baugs félaginu samtals á þessum reikningslykli kr. 95.478.023.

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar og/eða þessa stöðu í bókhaldi Baugs.

Kristín segir að henni hafi verið kunnugt um stöðuna á hennar viðskiptareikningi og koma fram á þessu yfirliti. Viðskiptastaðan þar sé tilkomin vegna hlutafjárútboðs Baugs hf. Hún segir að þetta hafa verið lokað útboð og hafi verið lögð áhersla á það af umsjónarmönnum útboðsins að þau sem hluthafar og stórir eigendur í félaginu myndu taka þátt í þessu útboði. Kristín segir að Íslandsbanki hafi séð um þetta útboð.

Kristín tekur það einnig fram að Gaumur ehf hafi stofnað til viðskipta með bréf í Arcadia, sem hafi verið mjög áhættusöm fjárfesting. Hún segir að Baugur hf hafi komið inn í þau viðskipti með bréf í Arcadia og í tengslum við þau viðskipti hafi staðið til að gera upp skuld Gaums ehf við Baug hf. Frágangur á þeim málum hafi hins vegar dregist eitthvað, en öll skuld Gaums ehf við Baug hf hafi verið gerð upp í maí á síðasta ári. Hún segir það alveg ljóst mikil viðskipti séu á milli þessara félaga og sökum þess hafi þessi skuld myndast á viðskiptareikningi Gaums ehf.

Kristínu er kynnt að nánar verði farið yfir viðskiptareikning Gaums ehf hjá Baugi hf síðar í skýrslutökunni.

Kristín er spurð hvort þessar lánveitingar hafi verið með vitund og samþykki stjórnarinnar eða hvort stjórn Baugs hafi á einhvern hátt fjallað um þessar lánveitingar.

Kristín segir að ekki hafi verið fjallað um stöðu á viðskiptareikningum hjá einstökum starfsmönnum eða hluthöfum, né um stöðu á viðskiptalánum milli Gaums ehf og Baugs hf.



06860

Kristín er spurð hvort hún minnist þess að endurskoðandi Baugs hafi, í fyrrgreindri greinargerð frá 17. maí 2002, eða á annan hátt, gert stjórn grein fyrir lánveitingum til eigenda og stjórnenda sem bókaðar hafa verið á bókhaldslykil #74310.

Kristín segir Stefán hafa skýrt frá því að búið væri að ganga frá þessum málum gagnvart félaginu. Hún kveðst ekki muna nákvæmlega hvernig hann hafi skýrt frá þessu, né hvort hann hafi tilgreint hvern og einn af þessum stjórnendum í umfjöllun sinni.

Kristínu er kynnt að í greinargerð endurskoðanda Baugs dags. 17. maí 2002 er lánveitinga til eigenda og stjórnenda og staða á viðskiptareikningum þeirra ekki getið. Hún er spurð hvort hún kunni einhverja skýringu á því.

Kristín kveðst ekki kunna skýringu á því.

Kristín er spurð hvort stjórnendur Baugs hafi haft heimild til að lána sjálfum sér eða öðrum stjórnendum/eigendum með þeim hætti sem gert hefur verið.

Kristín kveðst ekki geta svarað því, henni sé ekki kunnugt um það. Hún tekur það fram að henni hafi ekki verið kunnugt um það hvernig starfssamningar voru almennt við þessa lykilstarfsmenn.

Kristín er spurð hvers vegna lánveitinga sem bókaðar eru á lykilinn #74310 var ekki getið í árshluta- eða ársreikningum eða skýrslum stjórnar með ársreikningunum.

Kristín kveðst ekki hafa neina skýringu á því.

Skv. 8. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög skal geta sérhvers láns, framlags og tryggingar skv. þeirri grein í gerðabók stjórnar félagsstjórnar. Hún er spurð hvort það hafi verið gert.

Kristín kveðst ekki vita til þess að þessar lánveitingar hafi verið færðar í gerðarbók stjórnar Baugs hf. Hún kveðst svara þessu með þeim fyrirvara að hún hafi ekki setið alla stjórnarfundi Baugs hf.

Kristín er spurð hvers vegna þessar lánveitingar hafi ekki verið færðar í gerðarbók stjórnar Baugs hf.

Kristín segir að henni sé ekki kunnugt um ástæður þess.

**Lánveitingar til einstakra eigenda og stjórnenda sem bókaðar voru á #74310:**

**Óskar Magnússon, starfandi stjórnarformaður:**
Lánveiting til Óskars Magnússonar að fjárhæð kr. 4.000.000 vegna kaupa á bifreiðinni ZY-617, sem fært var á viðskiptareikning hans 31.12.1999. Lánið var afskrifað við með starfslokasamningi við Óskar dags. 31.12.2000.

Kristín er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Kristín kveðst ekki vita neitt um lánveitingar til Óskars og tekur það fram að hann hafi verið hættur störfum hjá Baugi hf, þegar hún hafi komið inn í stjórnina.



06861

**Jóhannes Jónsson, stjórnarmaður:**
Lánveiting til Jóhannesar að fjárhæð kr. 17.039.530 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Jóhannesar. Lánveitingin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldi Baugs þann 5. september 2002 með dagsetningunni 20. maí 2002.

Kristín er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Kristín segir þetta vera tilkomið vegna hlutafjárkaupa í Baugi hf og hafi hún fengið vitneskju um þetta við greiðslu á hlutafjáraukningunni í maí 2002. Hún kveðst vísa í fyrra svar sitt varðandi hlutafjárútboðið hjá Baugi. Þær skýringar eigi við um þessa lánveitingu.

**Kristín Jóhannesdóttir, stjórnarmaður:**
Lánveiting til Kristínar að fjárhæð kr. 3.786.727 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Kristínar. Lánveitingin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldi Baugs þann 5. september 2002 með útgáfudagsetningunni 20. maí 2002.

Kristín er beðin um að gera grein fyrir þessar lánveitingu og hvort hún hafi verið með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Kristín kveðst vísa í fyrra svar sitt er varðar þessar færslur, þ.e. að umsjónarmenn útboðsins hafi lagt ríka áherslu á að stærstu hluthafar Baugs tækju þátt í útboðinu. Einnig á þessum tíma hafi verði í gangi viðræður milli Gaums og Baugs um sölu á bréfum í Arcadia og hafi átt að gera þetta upp með þeim viðskiptum.

**Jón Björnsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 1998 til des. 2000**
**framkvæmdastjóri Baugs-Island frá des. 2000:**
Lánveiting til Jóns Björnssonar vegna kaupa hans á bifreiðinni UX-970 en skv. bókhaldi Baugs var bókfært verð bifreiðarinnar kr. 3.712.273. Baugur virðist hafa selt Jóni bifreiðina á kr. 2.700.000 sem Jón greiddi með greiðslu skuldar Baugs við Heklu að fjárhæð kr. 1.430.000 og láni að fjárhæð kr. 1.270.000.

Einnig lánveiting til Jóns Björnssonar dags. 10.06.1999 að fjárhæð kr. 5.100.000. Greiðslan var bókuð á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra en þegar farið var ofan í þann viðskiptareikning við rannsókn málsins kom í ljós misbókun sem var leiðrétt og færð á Jón Björnsson.

Loks er lánveiting til Jóns Björnssonar að fjárhæð kr. 3.000.000,- sem bókuð var á "lán til framkvæmdastjóra".

Kristín er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Kristín kveðst ekki þekkja til þessara lánveitinga til Jóns Björnssonar. Hún kveðst ekki þekkja starfssamning Jóns Björnssonar og viti ekki hvaða ákvæði eru þar um bifreiðakaup og önnur hlunnindi, en þar gætu hugsanlega fundist skýringar á einhverjum af þessum lánveitingum. Varðandi aðkomu stjórnar Baugs hf að þessum lánveitingum þá kveðst Kristín visa í fyrri svör sín hvað það varðar. Það sama eigi við um allar lánveitingar til stjórnenda og eigenda félagsins.



06862

**Jón Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Baugs-ID frá 2002:**
Lánveitingar sem bókaðar eru á bókhaldslykilinn #74310 "eigendur og stjórnendur" en staðan á þeim lykli var kr. 332.590 þann 28.08.2002 þegar starfsmenn efnahagsbrotadeildar RLS tóku afrit af bókhaldskerfi Baugs Group hf. í húsleit á starfsstöð fyrirtækisins.

Einnig er lánveiting að fjárhæð kr. 6.800.000 sem bókuð var á bókhaldslykilinn #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 9. júlí 2001.

Kristín er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Kristín segir sömu skýringar eiga við þessa lánveitingu og hún hafi gefið um lánveitingar til Jóns Björnssonar.

**Hreinn Loftsson, stjórnarformaður frá desember 1999:**

Lánveiting dags. 5. júlí 2000 að fjárhæð kr. 2.000.000 sem færð var á viðskiptareikning Hreins og mótfært á #74310 "eigendur og stjórnendur". Fjárhæðin var síðan færð af viðskiptareikningi Hreins á lánadrottinn Austursel ehf. þann 31. ágúst 2002 án skýringa í bókhaldi Baugs. Frá 5. júlí 2000 hefur því þessi fjárhæð verið ógreidd og ekki vaxtareiknuð á viðskiptareikningi Hreins.

Kristín er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Kristín segir Hrein Loftsson hafa starfað fyrir Baug hf í mörg ár. Hún kveðst ekki þekkja til þessarar lánveitingar að fjárhæð kr. 2.000.000,- og vísar í fyrri svör sín varðandi sambærilegar lánveitingar, sömu skýringar hennar eigi við um þessa lánveitingu.

**Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf. 07.07. 1998 til 03.06. 2002**
**starfandi stjórnarformaður frá 03.06. 2002 -**
Frammi liggur hreyfingalisti og fylgiskjöl á bak við færslur á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Staða reikningsins er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 31.12. 1998 | 221.298 |
| 31.12. 1999 | 7.048.346 |
| 31.12. 2000 | 19.537.582 |
| 28.02. 2002 | 67.218.559 |
| 28.08. 2002 | 72.914.730 |

Ætluðum ólögmætum lánveitingum til Jóns Ásgeirs, sem bókaðar eru á viðskiptareikning hans, hefur verið skipt í fjóra megin flokka:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Endurgreiddir reikningar | kr. 9.044.743 |
| 2. | Greiddir greiðslukortareikningar | kr. 29.103.513 |
| 3. | Beinar lánveitingar | kr. 14.800.000 |
| 4. | Lánveiting vegna hlutabréfakaupa | kr. 17.039.530 |
| | Samtals: | kr. 69.987.786 |



06863

Fyrir liggja sundurliðaðir listar sem fylgja skýrslu endurskoðenda RLS á bak við hvern lið fyrir sig

Kristín er fyrst spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar og þessa stöðu á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þessar lánveitingar til Jóns Ásgeirs.

Kristín er spurð hvaða heimildir Jón Ásgeir eða aðrir stjórnendur Baugs hf. hafi haft til þess að láta færa lánveitingar á viðskiptareikninga sína hjá félaginu.

Kristín kveðst ekki geta tjáð sig um það. Henni sé ekki kunnugt um það. Hún kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi lánveitingar til stjórnenda félagsins, sömu skýringar hennar eigi við um Jón Ásgeir sem og aðra stjórnendur félagsins.

Kristín er spurð hvort hún viti til þess að í gildi hafi verið einhverjar reglur varðandi lánveitingar til stjórnenda Baugs hf. eða færslur á viðskiptareikninga þeirra.

Kristín segir að henni sé ekki kunnugt um það og kveðst aftur vísa til þeirra starfssamninga sem gerðir hafa verið.

Kristín er spurð út í reikninga sem Jóni Ásgeiri voru endurgreiddir á tímabilinu janúar 1999 til ágúst 2002 og fjárhæðirnar færðar á viðskiptareikning hans.

Kristín er spurð hvort henni eða stjórninni hafi verið kunnugt um þessar endurgreiðslur færslur á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Kristín kveðst ekki geta gert grein fyrir þeim hér og nú og kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi þessar færslur.

Kristín er spurð hvort stjórninni hafi borist athugasemdir við að þessi kostnaður var endurgreiddur Jóni Ásgeiri og færður á viðskiptareikning hans.

Kristín kveðst ekki vita til þess að þetta hafi verið rætt sérstaklega.

Kristín er spurð hvort hún geti útskýrt greiðslur á greiðslukortareikningum Jóns Ásgeirs. Kristínu er tjáð að við skoðun RLS á fylgiskjölum á bak við færslur á viðskiptareikning JÁJ hafi komið í ljós að fylgiskjölin varðandi þennan lið eru einungis bókunarbeiðnir án sundurliðana en ekki greiðslukortareikningarnir sjálfir eða kortayfirlit. Vakin er athygli Kristínar á því að um sé að ræða lánveitingar/færslur á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs allt frá árinu 1998.

Kristín er spurð hvort henni eða stjórninni hafi verið kunnugt um þessar færslur á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.



06864

Kristín kveðst ekkert vita um þessa færslur á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs og vísar í fyrri svör sín.

Kristín er spurð hvort hún geti gert grein fyrir beinum lánveitingum til Jóns Ásgeirs. Skv. bókhaldi Baugs og skýrslu endurskoðenda RLS er um að ræða beinar lánveitingar samtals að fjárhæð kr. 14.800.000.- frá árinu 1999 til 28. ágúst 2002. Fyrir liggja sundurliðaðir listar yfir þessar lánveitingar svo og viðskiptareikningur Jóns Ásgeirs. Vísað er í greinargerð endurskoðenda RLS.

Kristín er spurð hvort henni eða stjórninni hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar og færslur þeirra á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Kristín kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi þessar færslur allar. Hún segir að henni sé ekki kunnugt um þær.

Kristín er spurð hvort hún geti gert grein fyrir lánveitingum til Jóns Ásgeirs vegna hlutabréfakaupa:

Um er að ræða kaup Jóns Ásgeirs á hlutabréfum að fjárhæð kr.17.039.530 þann 13. febrúar 2001. Engin endurgreiðsla eða vaxtareikningur hafði verið fært á þessa fjárhæð á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs en arðgreiðsla til hans að fjárhæð kr. 1.790.442 var færð á móti þessu láni.

Kristín er spurð hvort þessi lánveiting til hlutafjárkaupa sé gerð á grundvelli samþykktar stjórnenda, stjórnar eða samnings um hlutabréfakaup Jóns Ásgeirs.

Kristín segir að hún geti ekki gert neina sérstaka grein fyrir hverjum og einum sundurliðunar lið á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs og kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi þetta.

Fyrir liggur að skuld Jóns Ásgeirs Jóhannessonar skv. viðskiptareikningi hans dags. 28. ágúst 2002, þegar húsleit var gerð á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfið afritað, var kr. 72.914.730,17. Vísað er í kafla 2.1 í greinargerð endurskoðenda RLS varðandi nánari sundurliðun á þessari fjárhæð. Skuldin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldið þann 5. september 2002 en dagsett í bókhaldi Baugs þann 20. maí 2002. Kristín er spurð hvort hún kunni einhverjar skýringar á því.

Kristín kveðst ekki kunna neina skýringu á því. Hún tekur það fram að hún hafi gefið út þennan víxil í nafni Gaums ehf þann 20. maí 2002. Fjárhæð víxilsins hafi verið u.þ.b. kr. 336.808.000,-. Hún kveðst hafa boðsent Jóni Ásgeiri víxilinn, líklegast daginn eftir, þann 21. maí 2002. Kristín kveðst ekki hafa vitað betur en að með útgáfu víxilsins væru þessi mál afgreidd. Þ.e. hvað varðar Gaum ehf, Jón Ásgeir, Jóhannes Jónsson og hana sjálfa persónulega. Kristín segir að inn í fjárhæð víxilsins hafi verið reiknaðir vextir til greiðsludags og hafi sá útreikningur komið frá Baugi hf.

**Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.**

Kristínu er kynntur kafli 3.1. í greinargerð endurskoðenda RLS– varðandi lánveitingar til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. Staða Gaums í bókhaldi Baugs þann 28. ágúst 2002 (við húsleit RLS) var kr. 244.347.997. Skuldin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldið þann 5. september 2002 en dagsett í bókhaldi Baugs þann 20. maí 2002.

Endurskoðendur RLS hafi skipt lánveitingum til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í fjóra megin flokka, sbr. skýrsla þeirra:



06865

Reikningar sem Baugur hf hefur sent Gaumi ehf - 1998-2001

Beinar lánveitingar/peningagreiðslur – 1999-2001

Lánveitingar vegna hlutabréfakaupa Gaums ehf í Baugi Group hf. - 2001

Útlagður kostnaður Baugs hf fyrir Gaum ehf - 1999-2001

Kristín er beðin um að gera grein fyrir þessum lánveitingum.

Kristín kveðst vilja taka það fram að þetta séu allt viðskiptalán. Þá segir Kristín að hún hafi formlega komið inn sem framkvæmdastjóri í september 1999. Þannig segir hún að viðskipti hafi átt sér stað fyrir þann tíma milli Gaums ehf og Baugs hf sem hún hafi ekki komið að og geti ekki gert nákvæma grein fyrir.

Hún segir bókhaldsgögn bæði Gaums ehf og Baugs hf. skýra það hvaða viðskipti standi á bak við hverja færslu á viðskiptareikningi Gaums ehf.

Kristínu er gefinn kostur á að lesa kaflann um Gaum ehf í greinargerð endurskoðenda RLS í heild sinni.

Kristín segir þetta vera heilmikla lesningu og kveðst hún hvorki vilja samþykkja né staðfesta útreikninga endurskoðenda RLS varðandi meintar lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf né ályktanir þeirra í þessum drögum. Hún vill ítreka að mikil viðskipti hafi verið á milli þessara félaga og allt hafi þetta verið viðskiptalán sem hafi verið gerð upp með víxlinum sem nefndur hefur verið, en kr. 244.347.997 af fjárhæð víxilsins hafi verið ráðstafað til að greiða upp skuld Gaums ehf við Baug hf í maí 2002.

Aðspurð um skuldajöfnunina sem á sér stað á árinu 2000 að fjárhæð kr. 40.000.000,- þá segir Kristín að það varði kaup Baugs hf á verslunakeðjunni 10-11. Hún segir ástæðuna fyrir því vera þá að þurft hafi að leggja út í heilmikinn kostnað við að auglýsa upp þá verslunarkeðju og hafi verið ákveðið að Gaumur ehf tæki á sig hluta af þeim kostnaði, þ.e. 40.000.000.-. Aðspurð kveðst Kristín ekki muna hvort fjallað hafi verið um það sérstaklega af stjórn Baugs hf.

Aðspurð um þátttöku Gaums ehf í skrifstofuhaldi og launakostnaði Baugs hf þá segir Kristín að sumt af þeim kostnaði hafi komið til áður en hún kom til starfa hjá Gaumi ehf. Á þeim tíma, eða allt til ársins 2001, hafi Jón Ásgeir unnið töluvert fyrir Gaum ehf og sökum þess hafi verið ákveðið að Gaumur ehf tæki þátt í launakostnaði hans hjá Baugi ehf og öðrum kostnaði tengdu því.

Kristín er spurð hvort þessar lánveitingar hafi verið gerðar með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Kristín ítrekar að þetta séu viðskiptalán og þau viðskipti sem hafi verið undirliggjandi hafi oft á tíðum komið inn á borð stjórnar Baugs hf, eins og er með sambærileg viðskipti Baugs hf við önnur félög.

Kristín er spurð hvort gerðar hafi verið athugasemdir af hálfu stjórnar Baugs við þessar lánveitingar og stöðu Gaums gagnvart Baugi.

Kristín kveðst ekki minnast þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þessar viðskiptalán. Hún segir það eðlilegt að það geti myndast staða inn á viðskiptareikningi vegna þeirra miklu viðskipta sem áttu sér stað á milli þessara félaga.

Kristín er spurð hvort hún viti til þess að þessar lánveitingar hafi verið bókaðar í gerðarbók stjórnar Baugs.



06866

Kristín kveðst ekki vita þess að viðskiptalán hafi verið bókuð í gerðarbók og vísar í fyrri framburð sinn hvað bókanir í gerðarbók varðar.

Vísað er í greinargerð ytri endurskoðanda Baugs, Stefáns Hilmarssonar, dags. 17. maí 2002 sem fjallað var um á stjórnarfundi Baugs þann 23. maí 2002. Á bls. 1 er tekið fram:

*"Hluthafarnir hafa að þeirra sögn samið um fullnaðaruppgjör á skuldum sínum við Baug hf., með sölu á tilteknum eignum, en skjalafrágangi er ekki lokið."*

Kristín er beðin að gera nánari grein fyrir þessari bókun og því fullnaðaruppgjöri með sölu á eignum, sem vísað er til. Í því sambandi er Kristínu bent á að staða Gaums gagnvart Baugi var hin sama (244.3 millj) hinn 28. ágúst 2002 (þegar húsleit var gerð) og vísað er til í greinargerð ytri endurskoðanda Baugs.

Kristín segir það hafa staðið til frá byrjun árs 2002 að Gaumur ehf myndi selja eignir til að ganga frá þessum viðskiptaskuldum. Það hafi hins vegar þurft að fara fram mat á þeim eignum, sem stjórnendum Baugs hf hafi ekki þótt henta til þessa uppgjörs. Þess vegna hafi verið ákveðið að ganga frá þessu uppgjöri með útgáfu víxilsins sem greint hefur verið frá við þessa skýrslutöku.

**Fjárfar ehf.**

Kristínu er kynntur kafli 3.2 í skýrslu endurskoðenda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfars ehf. og undirgögn kaflans.

Fjárfar ehf. hefur fengið lán vegna hlutabréfakaupa í Baugi þann 16. maí 2000 kr. 64.500.000 og þann 13. febrúar 2001 kr. 85.758.591. Þessi lán eru ógreidd.

Skv. bókhaldi Baugs hefur félagið lánað Fjárfari ehf. kr. 50.000.000 dags. 30. júní 2000 vegna kaupa Fjárfars á hlutabréfum í Baugur.net. Þetta lán er síðan bakfært þann 21. febrúar 2002.

Staða Fjárfars ehf. í bókhaldi Baugs hf. þann 28. ágúst 2002 er kr. 168.883.376.

Kristín er spurð hvort henni eða stjórninni hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar til Fjárfars ehf.

Kristín segir að hvorki henni né stjórn Baugs hf hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar til Fjárfars ehf, eftir því sem hún best viti.

Kristín er spurð hvernig Fjárfar ehf. tengist Baugi hf. eða aðaleigendum Baugs hf.

Kristín kveðst ekki vera viss um þá tengingu og geti hún því ekki verið með neinar getgátur í því sambandi.

Kristín er spurð hvort hún viti hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og á hvaða forsendum þær hafi verið gerðar.

Kristín kveðst ekki vita neitt um það.

Kristín er spurð hvort hún viti til þess að stjórnendur Baugs hf. hafi haft heimild til að lána Fjárfari ehf. til hlutabréfakaupa í Baugi hf.

Kristín kveðst ekki vita neitt um það.



06867

Vísað er í greinargerð ytri endurskoðanda Baugs hf., Stefáns Hilmarssonar, dags. 17. maí á bls. 1 þar sem greint er frá skuld Fjárfars ehf. Þar kemur fram að unnið sé að "uppgjöri á skuld Fjarfars ehf. við Baug hf. með útgáfu skuldabréfs." Kristínu er beðin að gera nánari grein fyrir þessu uppgjöri en vakin athygli á því að staða viðskiptareiknings Fjárfars ehf. var óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar húsleit var gerð á starfsstöð Baugs hf.

Kristín kveðst ekkert vita um þetta uppgjör og geti því ekki gert neina grein fyrir þessu.

**Kaupþing hf.**

Staða viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. var kr. 204.066.853 þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfi félagsins afritað. Kaupþing hf. er einn af stærstu hluthöfum í Baugi hf.

Kristínu er kynntur hreyfingalisti viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. þar sem fyrrgreind staða kemur fram.

Þann 30. júní 1999 seldi Baugur hf. Kaupþingi hlutabréf í Baugi hf. að fjárhæð kr. 330.764.000.

Þann 7. júlí 1999 greiddi Kaupþing Baugi kr. 165.382.000.
Eftir standa því kr. 165.382.000 af hlutafjárkaupin Kaupþings hf. sem lán á viðskiptareikningi félagsins í bókhaldi Baugs hf.

Henni er jafnframt kynnt að lögregla hafi fengið þær skýringar á viðskiptunum þann 07.07.1999 að um sé að ræða sölu á hlutabréfum til Óskars Magnússonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs samkvæmt kaupréttarsamningum sem þeir höfðu gert við Baug hf.

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þessi viðskipti eða stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar eða um þær fjallað á einhvern hátt.

Kristín segir að henni hafi verið kunnugt að gerðir hafi verið kaupréttarsamningar við þá Tryggva og Jón Ásgeir. Annað varðandi þessi viðskipti kveðst hún ekkert vita um, enda hafi þau átt sér stað áður en hún hafi komið inn í stjórn Baugs hf. Hún kveðst því ekki geta gert frekari grein fyrir þessum lánveitingum tengdum þessum kaupréttarsamningum.

**Jón Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóri Nordica:**

Samkvæmt bókhaldi Baugs hf. fékk Jón Gerald lán hjá Baugi vegna hlutabréfakaupa í félaginu kr. 4.350.000. Engir vextir hafa verið reiknaðir á skuldina frá því að hún var fyrst bókuð og engar greiðslur hafa borist frá Jóni Gerald á móti þessari kröfu.

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um að Jón Gerald var hluthafi í Baugi hf.

Kristín kveðst ekki hafa vitað það.

Kristín er spurð hvort hún hafi haft vitneskju um þessa lánveitingu.



06868

Kristín segir svo ekki vera hún hafi ekki vitað af þessari lánveitingu og viti hún ekki til þess að stjórn Baugs hf hafi fjallað um hana.

Kristín er spurð hvort hún hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Kristín vill ítreka að um viðskiptalán var að ræða milli Baugs hf og Gaums ehf, en talsverð viðskipti hafi verið milli félaganna. Að því er varðar færslur á viðskiptareikning hennar hjá Baugi hf er varðar hlutafjárkaup í Baugi hf vill hún ítreka að lögð var rík áhersla á það af umsjónarmönnum útboðsins að stærstu hluthafar tækju þátt, þar sem það skiptir miklu máli fyrir hinn almenna hluthafa í félaginu að sjá að stærri hluthafar taki þátt og hafi þannig trú á félaginu.

Kristín kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja, hún hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.

Kristín Edwald verjandi Kristínar kveðst óska eftir öllum þeim rannsóknargögnum málsins sem hún hafi ekki fengið afhent.

Klukkan 12:45 er gert hlé á yfirlestri skýrslunnar.

Klukkan 13:30 er yfirlestri haldið áfram.

Skýrslutöku lauk kl. 14:50.

Staðfest, rétt eftir haft:

Kristín Jóhannesdóttir

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur yfirheyrsluna:

Jón Lárusson, lögreglufulltrúi

Verjandi Kristínar:

Kristín Edwald, hdl



06869

V/3.4

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | RLS |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr.: 006-2002-0086 |
| Staður og stund: Reykjavík - miðvikudaginn 9. apríl 2003. Klukkan 11:10 | | |
| Sakarefni: Fjárdráttur – umboðssvik | | |
| Sakborningur/grunaður: Kristín Jóhannesdóttir | | Kennitala: 090363-3959 |
| Starf/staða: Framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaumur hf | | Vinnusími: 588-9990 |
| Lögheimili: Barðaströnd 9, Seltjarnarnes | | Sími: 561-1144 / 864-3539 |
| Dvalarstaður: | | Sími: |

Kristín er mætt til yfirheyrslu hjá efnahagsbrotadeild RLS samkvæmt boðun. Henni er kynnt að við þessa yfirheyrslu verði farið nánar yfir þau viðskipti sem áttu sér stað milli Gaums ehf og Nordica Inc eða Jóns Geralds vegna fjármögnunar við kaup á bátum á Miami. Kristín hefur þegar verið yfirheyrð um þetta sakarefni en nú verður m.a. farið yfir þá reikninga sem færðir voru í bókhald Gaums ehf sem krafa á Nordica Inc vegna bátaviðskiptanna.

Kristínu er kynnt að grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking á Miami. Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik eða fjárdráttur af stjórnendum Baugs hf, þ.e. Jóni Ásgeiri, Tryggva Jónssyni og Jóhannesi Jónssyni. Kristínu er kynnt að í ljósi tengsla hennar við Gaum ehf og annarra aðstæðna málsins, sé talið rétt að hún njóti réttarstöðu sakbornings við þessa yfirheyrslu.

Kristínu er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hún ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hún vilji. Áminnt um sannsögli varðandi þau atriði sem hún kýs að tjá sig um og fyrir henni brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstödd yfirheyrsluna er Kristín Edwald, hdl. skipaður verjandi Kristínar.

Kristínu er kynnt að þegar hún var yfirheyrð um bátaviðskiptin þann 29. ágúst 2002 hafi verið borin undir hana tölvupóstsamskipti sem vörðuðu rannsókn málsins, m.a. tölvupóstsamskipti sem hún hafði átt við Jón Gerald Sullenberger. Henni er kynnt að við frekari rannsókn málsins hafi komið í ljós frekari tölvupóstsamskipti milli hennar og Jóns Geralds. Verða þeir tölvupóstar nú bornir undir hana.

Tölvupóstur frá Kristínu úr netfanginu kristin@gaumur.is sem sendur var á Jón Gerald í netfangið gerald@xnet.is þann 03.10.2000. Efni tölvupóstsins er "Vísareikn."

*Sæll.*
*Hef verið að reyna að ná í þig v/Vísareikn. síðasta tímabils sem er kr. 570.923.- Hvað veldur þessari hækkun? Enginn á okkar vegum var á Miami á þessu tímabili. t.d. hefur Miami beach MA hækkað úr $924 í tæpa $2,300. Verð að fá skýringar á þessu.*

*Kveðja,*
*Kristín.*

Kristín er beðin um að skýra þennan tölvupóst nánar.

Kristín kveðst ekki muna eftir þessum tölvupósti og geti ekki skýrt hann með nokkru móti.

KJ XG

Tölvupóstur frá Kristínu úr netfanginu kristin@gaumur.is sem sendur var á Jón Gerald í netfangið gerald@xnet.is þann 31.10.2000. Efni tölvupóstsins er "Vísareikn."

*Sæll.*
*Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Vísareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda $12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Vísareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátalegu) allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.*

*Kveðja,*
*Kristín.*

Kristín er beðin um að skýra þennan tölvupóst nánar.

Kristín segir að þessi tölvupóstur hafi verið borinn undir hana í ágúst 2002. Hún kveðst engu hafa við þann framburð sinn að bæta. Hún kveðst ekki muna eftir þessum tölvupóstsamskiptum og kveðst við yfirheyrsluna í ágúst 2002 hafa dregið ályktanir um hann út frá þeim texta sem þar kemur fram.

Tölvupóstur frá Kristínu úr netfanginu kristin@gaumur.is sem sendur var á Jón Gerald í netfangið gerald@xnet.is þann 05.02.2001. Efni tölvupóstsins er "Vísareikn. enn og aftur."

*Sæll.*
*Var að fá Vísareikn. kr. 163.121. ég vil fá skýringar á þessu hvers vegna ertu að nota kortið ef Tryggvi segir að þú fáir nægilega peninga til að greiða allan kostnað af bátnum??*
*Svar óskast strax.*

*Kveðja,*
*Kristín.*

Kristín er beðin um að skýra þennan tölvupóst nánar.

Kristín kveðst ekki muna eftir þessum tölvupóstsamskiptum og geti á engan hátt gert grein fyrir honum.

Sérstaklega er borið undir Kristínu úr tölvupóstinum þar sem segir : *vil fá skýringar á þessu hvers vegna ertu að nota kortið ef Tryggvi segir að þú fáir nægilega peninga til að greiða allan kostnað af bátnum*

Kristín kveðst ekki geta gert frekari grein fyrir þessu, hún muni ekki eftir þessum tölvupóstsamskiptum við Jón Gerald og geti á engan hátt skýrt það nánar hvaða upplýsingar hún hafði um greiðslur vegna kostnaðar af bátum.

**Viðskiptareikningur Nordica Inc/Jóns Geralds í bókhaldi Gaums ehf.**
Kristín er beðin um að gera fyrir ástæðu þess að Bónus sf virðist greiða hluta af reikningunum sem færðir eru á viðskiptamannareikning Nordica Inc í bókhaldi Gaums ehf.

Kristín segir að hún geti skýrt þetta á auðveldan hátt. Hún segir að hún og fjölskylda hennar hafi stofnað Bónus Ísaldi ehf árið 1989 og hafi það félag rekið Bónus verslanirnar. Árið 1992 hafi Bónus sf verið stofnað við sameiningu Bónus verslananna og Hagkaupa. Við þá sameiningu hafi fjölskyldan áfram rekið félagið Ísaldi ehf og auk þess hafi þau keypt félag sem hét Gaumur ehf.



06871

Við stofnun Baugs hf. árið 1998 hafi eignir þessara félaga runnið inn í Baug hf, þ.e. eignir Ísaldi ehf og Gaum ehf. Eftir þennan eignasamruna hafi fjölskyldan haldið áfram að reka félag á kennitölu Ísaldi ehf, sem er fjárfestingarfélagið Gaumur ehf, sem hún sé framkvæmdastjóri yfir í dag. Hún segir að fjárfestingarfélagið Gaumur ehf sé rekið á upphaflegri kennitölu Bónus Ísaldi ehf frá árinu 1989. Þannig segir hún að það gæti nokkurs misskilnings í því að Bónus hafi greitt reikninga frá Nordica Inc sem vörðuðu bátaviðskiptin í gegnum tíðina.

Kristín segir að bankareikningar Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf hjá SPRON hafi verið 1151-26-1899, 1151-26-1099 og 1151-26-1799. Hún segir að tékkareikningur 1151-26-1799 hafi upphaflega verið í nafni Bónus sf, en við allar þær breytingar á þessum félögum sem hún hafi greint frá hafi Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf eignast þennan bankareikning.

Kristín segir því Fjárfestingarfélagið Gaum ehf hafa greitt alla þá reikninga frá Nordica Inc sem afhentir voru úr bókhaldi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf vegna rannsóknar málsins.

Þá er Kristín beðin um að gera grein fyrir ástæðu þess að á reikningunum frá Nordica Inc sem færðir hafa verið á viðskiptamannareikning Nordica Inc hjá Gaumi ehf, séu kostnaðarliðir sem m.a. varða American Express greiðslukortanotkun Jóns Ásgeirs og Tryggva, ferðakostnað og fleiri kostnaðarliði sem virðast ekki tengjast bátnum eða Jóni Geraldi persónulega.

Kristín kveðst ekki kunna neina skýringu á þessu og tekur það fram að hún hafi komið til starfa sem framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf um haustið 1999. Þannig segir hún að stærstur hluti þeirra reikninga sem Nordica Inc sendi á Gaum ehf hafi verið á þeim tíma þegar hún var ekki komin þar til starfa. Kristín kveðst því ekki geta gert grein fyrir þessum kostnaðarliðum sem koma fram á reikningunum frá Nordica Inc.

Þá er Kristínu kynnt að þeir VISA reikningar sem færðir hafa verið á viðskiptamannareikning Nordica Inc hjá Gaumi ehf virðast að hluta til tengjast kostnaði sem varði ekki bátinn eða Jón Gerald persónulega.

Kristín kveðst ítrekað hafa óskað eftir fylgiskjölum frá Jón Geraldi varðandi þessa greiðslukortanotkun hans. Hann hafi hins vegar aldrei sent nein slík gögn og kveðst Kristín því í raun ekki hafa haft neina staðfestingu fyrir því að hann væri að nota þetta kort til að greiða kostnað sem ekki tengist bátnum.

Kristín segir að upphaflega hafi Jón Gerald fengið þetta VISA kort útgefið frá Gaumi ehf til að standa straum af kostnaði vegna reksturs bátsins. Hún segir að Jón Gerald hafi fengið þetta kort útgefið áður en hún hafi komið til starfa hjá Gaumi ehf. Hún tekur það fram að eins og gögnin í bókhaldi Gaums ehf beri með sér þá hafi Gaumur ehf tekið þátt í að greiða fyrir rekstur bátsins. Þetta VISA kort hafi einnig átt að vera liður í því. Sú ákvörðun hafi ekki verið tekin af henni. Ítrekað hafði verið leitað eftir því að fá fylgiskjöl með greiðslukortareikningnum frá Jóni Geraldi. Þar sem þau bárust ekki hafi kortinu verið lokað um mitt ár 2001.

Kristín er spurð að ástæðu þess að þessir VISA reikningar hafi ekki verið færðir inn á viðskiptamannareikning Nordica Inc í bókhaldi Gaums ehf fyrr en eftir húsleit lögreglu á aðalskrifstofu Baugs hf, eða þann 31.08.2002.

Kristín segir að skýringin á þessu sé sú að beiðni hafi komið frá lögreglunni til hennar sem framkvæmdastjóra Gaums ehf, þann 29. ágúst 2002 að Gaumur ehf legði fram öll þau bókhaldsgögn sem vörðuðu bátaviðskiptin við Nordica Inc. Hún segir að í ljósi þeirrar beiðni hafi öll þau bókhaldsgögn í bókhaldi Gaums ehf sem vörðuðu viðskipti með bátinn verið færð inn á viðskiptamannareikning Nordica Inc hjá Gaumi ehf. Varðandi það að VISA reikningarnir flestir hafi verið færðir inn á þennan viðskiptamannalykil þann 31.08.2002 kveðst Kristín telja að sé til komið



06872

vegna þess að VISA greiðslukortið og VISA reikningarnar hafi verið í nafni Jóns Geralds en ekki Nordica Inc. Þannig geti verið að þeir hafi upphaflega verið bókaðir á viðskiptamannareiking Jóns Geralds hjá Gaumi ehf. Til að sameina kröfuna undir einn viðskiptamannalykil hafi færslurnar vegna VISA greiðslukortsins verið færð á viðskiptamannalyki Nordica Inc þann 31.08.2002.

Aðspurð segir Kristín að það sé starfsmaður hjá Gaumi ehf sem sjái um bókhaldið þar.

Þessar færslur líta ekki út sem beinar lánveitingar til Nordica – þ.e. gefinn er út reikningur á Gaum sem er greiddur. Kristín er beðin um að skýra þetta nánar.

Kristín segir að þetta fyrirkomulag hafi verið tilkomið áður en hún kom til starfa hjá Gaumi ehf. Hún tekur það fram að þetta sé kostnaður sem Gaumur ehf greiddi vegna reksturs þessara báta í gegnum tíðina. Hún segir að þetta hafi ekki verið hefðbundnar lánveitingar í þeim skilningi að engir lánapappírar hafi verið á bak við þessar greiðslur. Hugsunin hafi alltaf verið sú að Gaumur ehf lánaði til kaupa og reksturs bátanna og eignast hlut í bátunum í hlutfalli við það sem félagið hafi lánað í bátana. Þetta hafi byggt á trausti milli þessara aðila.

Aðspurð segir hún Jón Ásgeir hafa séð um rekstur Gaums ehf áður en hún kom þar til starfa og hafi hann verið starfandin þar allt til ársins 2001.

Undir Kristínu er borið yfirlit frá endurskoðendum RLS sem sýnir allar þær greiðslur sem færðar hafa verið í bókhald Gaums ehf og varða rekstur bátsins. Einnig á sama yfirlit er færðar greiðslur sem borist hafa til Nordica Inc frá Baugi hf, frá lokum ársins 1999 – sem Jón Gerald heldur fram að hafi tekið við af greiðslunum frá Gaumi ehf. Kristínu er bent á að það hafi vakið athygli að í lok árs 1999 hætti Nordica Inc að senda reikninga á Gaum ehf vegna reksturs bátsins, en við taka fastir mánaðalegir reikningar frá Baugi hf. Kristín er spurð hvort hún geti skýrt þetta.

Jafnframt er borið undir Kristínu skjal sem fannst við rannsókn á tölvu Tryggva Jónssonar og ber heitið "það sem þarf að gera" og var samið þann 08.12.1999.

Kristín segir að í framhaldi af því að Jón Gerald hafi fengið VISA greiðslukort frá Gaumi ehf hafi hann hætt að senda Gaumi ehf reikninga vegna reksturs bátsins. Hún vill taka það fram að Jón Gerald hafi notað þetta greiðslukort frá september 1999 fram á mitt ár 2001. Kristín tekur það fram að þeir VISA reikningar sem bárust Gaumi ehf vegna Jóns Geralds hafi verið upp á nokkur hundruð þúsund krónur í hverjum mánuði. Hún kveðst hins vegar ekki geta skýrt það samkomulag sem lá þar að baki því að Jón Gerald fékk VISA kort í hendur, enda hafi hún ekki komið að því máli. Hún ítrekar að hún hafi ekki haft vitneskju um þetta skjal "Það sem þarf að gera" og geti á engan hátt útskýrt innihald skjalsins.

Kristín er spurð hvort hún hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Kristín kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 13[40]
Staðfest rétt eftir haft:

Kristín Jóhannesdóttir

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon

Verjandi Kristínar:

Kristín Edwald

Kristín Edwald, hdl.



06873

V/13.5

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | **R L S** |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi | Mál nr.<br>006-2002-00086 |
| Staður og stund:<br>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, þriðjudaginn 10. ágúst 2004, kl. 09:30. | |
| Sakarefni:<br>Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995) | |
| Vitni:<br>Kristín Jóhannesdóttir | Kennitala:<br>090363-3959 |
| Starf/staða:<br>Framkvæmdastjóri Gaums ehf. | Vinnusími:<br>588 9990 |
| Lögheimili:<br>Barðaströnd 9, Seltjarnarnes | Sími:<br>561 1144 |
| Dvalarstaður: | Sími: |

Kristín er mætt til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Henni er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf. Vegna þeirra gagna sem fram eru komin í málinu og hugsanlegrar hlutdeildar hennar í umboðssvikum telur lögregla rétt að Kristín njóti réttarstöðu sakbornings við yfirheyrsluna.

Kristínu er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hún ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hún vilji. Áminnt um sannsögli varðandi þau atriði sem hún kýs að tjá sig um og fyrir henni brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta.

Kristín kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúin að tjá sig en segist mótmæla þessum sakargiftum sem á hana eru bornar.

Með Kristínu er mættur Halldór Jónsson hrl, í fjarveru skipaðs verjanda Kristínar, Kristínar Edwald. Auk þess er Sveinn Ingiberg Magnússon lögreglufulltrúi viðstaddur yfirheyrsluna.

**Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.**

Kristín er beðin um að lýsa tengslum sínum við og störfum sínum fyrir Fjárfar ehf.

Kristín segir að tengsl hennar við Fjárfar séu í raun engin, en á ákveðnum tímapunkti, eða í byrjun árs 2000, hafi Gaumur tekið að sér fjárgæslu Fjárfars sem fól í sér færslu bókhalds og uppgjör á skuldum félagsins. Að öðru leyti hafi hún eingöngu verið í milligöngu á milli Jóns Ásgeirs og Helga Jóhannessonar á þeim tíma sem Helgi var stjórnarformaður. Aðspurð segir Kristín að Jón Ásgeir hafi verið í samskiptum við hluthafa og það hafi því verið hlutverk hennar að koma upplýsingum frá honum til Helga.

Kristín er beðin um að skýra frá vitneskju sinni varðandi eignarhald og stjórnun félagsins Fjárfars.

Kristín segir að eftir hennar bestu vitneskju hafi það verið Helga Gísladóttir sem átti meirihluta í Fjárfari eða allavega framtil ársins 2001. Varðandi stjórnun félagsins segist Kristín hafa tekið við fyrirmælum frá Jóni Ásgeiri sem aftur var í samskiptum við hluthafa, en hún geti ekki sagt til um hver hafi í raun tekið ákvarðanir í rekstrinum.

Kristínu er kynnt að fram hafi komið í vitnisburðum Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar hjá lögreglu að þau hafi hvorugt átt hlut í Fjárfari. Kristín er beðin um að taka afstöðu til þess en hún segist

006874

ekkert vita um þetta. Hún hafi fengið þessar upplýsingar um eignarhlut frá Jóni Ásgeiri og hún síðan komið þeim áfram til Helga.

Kristín er spurð hvernig það kom til að Gaumur tók að sér þessa fjárgæslu Fjárfars.

Hún segist ekki vita það nákvæmlega nema það að upphaflegur tilgangur Fjárfars, sem hún kunni ekki að skýra frá, hafi ekki gengið eftir. Vísaði hún á Jón Ásgeir varðandi upphaflegan tilgang félagsins. Ákveðið hafi verið að starfsmaður Gaums, Ragnar Þórhallsson, tæki að sér bókhaldið og Gaumur sæi um fjárgæslu félagsins. Aðspurð um hvers vegna Jón Ásgeir hafi tekið þessa ákvörðun, hvort hann hafi átt hagsmuna að gæta, sagðist Kristín ekki geta skýrt frá því.

Kristínu er kynnt að Aðalsteinn Hákonarson fyrrverandi endurskoðandi Fjárfars hafi sagt í skýrslutöku hjá lögreglu 14. júlí 2004 að Kristín hafi kynnt sig fyrir honum sem framkvæmdastjóra Fjárfars. Kristín er beðin um að taka afstöðu til þessa.

Kristín segir þetta alveg fráleitt og vera algjörlega út í hött, hún hafi aldrei verið framkvæmdastjóri Fjárfars og aldrei kynnt sig sem slíka.

Undir Kristínu er borið fylgiskjal 4.1 sem er hluti af skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3) sem afhent var embætti ríkislögreglustjóra 29. júní 2004 vegna rannsóknar þessarar. Um er að ræða samning dags. 9. ágúst 2001 á milli Helga Jóhannessonar og Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. Í samningnum kemur m.a. fram að Gaumur komi fram f.h. hluthafa Fjárfars og að Helgi skuli einungis framkvæma þær ráðstafanir f.h. Fjárfars ehf. sem fulltrúar hluthafa félagsins fela honum eða samþykkja. Samningurinn átti að teljast gildur frá þeim tíma sem Helgi tók við stjórnarstörfum fyrir félagið.

Kristín er beðinn um að skýra frá þessum samningi.

Kristín segist aðspurð ekki muna hver samdi þennan samning og man ekki hvernig hann kom til. Hún hafi ekki tekið neinar ákvarðanir fyrir félagið hún hafi eingöngu verið nokkurskonar sendiboði á milli Jóns Ásgeirs og Helga. Jón Ásgeir hafi verið í samskiptum við hluthafa, líklega Helgu Gísladóttur, en sökum mikillar fjarveru hans erlendis hafi hún tekið að sér að koma skilaboðum áfram til Helga Jóhannessonar. Kristín segir aðspurð að hún hafi ekki sett nein spurningamerki við þetta fyrirkomulag, þetta hafi verið félag með tilgang sem ekki gekk eftir og markmiðið í raun að gera upp skuldir og loka félaginu. Kristín tók fram að henni þætti þetta ekkert óeðlilegt.

Aðspurð um aðkomu hennar að því þegar Helgi Jóhannesson tók að sér stjórnarformennsku segir Kristín að það hafi verið Jón Ásgeir sem bað hana að tala við Helga og biðja hann um að taka verkefnið að sér.

Undir Kristínu er borinn framburður Helga Jóhannessonar frá 9. júlí 2004 þegar hann var spurður um tengsl Jóns Ásgeirs Jóhannessonar við Fjárfar:

*"Helgi segir að það hafi komið honum þannig fyrir sjónir að Kristín Jóhannesdóttir hafi fengið sín fyrirmæli og uplýsingar varðandi félagið frá Jóni Ásgeiri og hún hafi síðan komið þeim áfram til Helga í samræmi við samning þeirra. Aðspurður segist Helgi ekki hafa orðið var við fleiri aðila sem höfðu með málefni Fjárfars að gera, hann hafi þó vitað til þess að Tryggvi Jónsson hafi haft eitthvað komið við sögu áður en Helgi kom inn í stjórn, hann hafi ekki átt samskipti við hann varðandi verkefni sín fyrir félagið á þeim tíma sem hann var í stjórn nema e.t.v. að einhverju óverulegu leyti á fyrstu dögum stjórnarsetu sinnar."*

Þann 4. apríl 2003 kom Kristín til skýrslutöku sem sakborningur vegna ætlaðra ólögmætra lánveitinga af hálfu stjórnenda Baugs hf.

Undir Kristínu eru borin svör hennar frá 4. apríl 2003 (skýrsla V/3.3):

06875

Kristín var spurð um tengsl Fjárfars við Baug eða aðaleigendur Baugs:
*"Kristín kveðst ekki vera viss um þá tengingu og geti hún því ekki verið með neinar getgátur í því sambandi."*

Kristín er spurð í ljósi svara sinna í dag hér að ofan hvort hún vilji taka afstöðu til fyrri framburðar síns þá sérstaklega hvað varðar tengsl stjórnenda Baugs við Fjárfar.

Kristín segir að hún hafi skilið spurninguna um tengsl Fjárfars við Baug eða aðaleigendur Baugs þegar hún var spurð í apríl 2003 á þann hátt að eingöngu væri verið að spyrja um eignatengsl og hún hafi ekki vitað um þau á þeim tíma. Kristín segir að það hafi ekki verið tilgangur sinn með þessu svari að leyna tengslum sínum eða Jóns Ásgeirs við Fjárfar eins og lýst hefur verið hér að framan.

Varðandi framburð Helga segir Kristín að þetta sé rétt lýsing á samskiptum Helga, Kristínar og Jóns Ásgeirs varðandi Fjárfar.

Undir Kristínu er borið fylgiskjal 6.5 úr skýrslu SRS en um er að ræða tölvupóst dags. 19.9.2001 frá Kristínu til Helga Jóhannessonar þar sem lagt er fyrir Helga hvað skuli koma fram í bréfi til Íslandsbanka. Undir Kristínu er jafnframt borið bréfið (fylgiskjal 6.4 úr skýrslu SRS) sem Helgi skrifaði og sendi til Íslandsbanka þennan sama dag eftir forskriftinni í tölvupóstinum.

Í tölvupóstinum kemur fram hverjir stærstu eigendur Fjárfars séu samkvæmt hluthafaskrá. Nú hefur Sævar Jónsson borið því við í skýrslutöku hjá lögreglu að hann hafi aldrei átt hlut í Fjárfari, Kristín er beðin um að skýra frá upplýsingum þessa bréfs hvað varðar hluthafa félagsins.

Kristín segir að þessar upplýsingar hafi komið frá Jóni Ásgeiri en hún hafi ekki staðreynt þær frekar. Hún segist ekkert muna eftir þessu og ekki geta tjáð sig um meintan eignarhlut Sævars sem þarna kemur fram.

Kristínu er bent á að hún sé skráð fyrir 9% hlut í þessu bréfi og er hún spurð hvort að það séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að það hafi staðið til að hún eignaðist hlut í félaginu en það hafi svo ekki gengið eftir og hún hafi eingöngu átt þann hlut í skamman tíma. Aldrei hafi formlega verið gengið frá hennar eignarhlut, hún hafi ekki lagt neitt út fyrir hlutnum eða slíkt. Aðspurð um 9% hlut Jóns Ásgeirs sem einnig kemur fram í bréfinu segist Kristín ekki vita neitt um.

Gögn frá Íslandsbanka sýna að bréf Gaums í Baugi að nafnverði 25.331.760 kr. voru sett að veði til tryggingar skuldbindingum Fjárfars gagnvart Íslandsbanka. Handveðsyfirlýsingin er dagsett 6. desember 2000 og undirrita bæði Jón Ásgeir og Kristín hana f.h. Gaums.

Kristín er spurð hvers vegna Gaumur notaði sínar eignir til tryggingar skuldum Fjárfars.

Kristín segist lítið vita um þessar ákvarðanir en það sé ljóst að á þessum tíma hafi Fjárfar verið mjög skuldsett og eflaust ekki átt nægar eignir til tryggingar skuldum sínum og því hafi Gaumur sem fjárgæsluaðili lagt fram þessa tryggingu og það hafi verið Jón Ásgeir sem tók þessa ákvörðun. Þetta hafi verið liður í að tryggja afkomu Fjárfars. Aðspurð um hvort Gaumur hafi þá átt inni kröfur á Fjárfar segir Kristín að það hljóti að hafa verið annars viti hún lítið um fjármál Fjárfars.

**Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:**

Kristínu er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Mun hún nú verða spurð nánar um eftirtalin viðskipti:



06876

**16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m * 12,9" - kr. 64.500.000**
**30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000**
**13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjáraukning" - kr. 85.758.591**

Undir Kristínu er borinn framburður Helga Jóhannessonar frá 9. júlí 2004 þegar hann var spurður um viðskipti Fjárfars við Baug á árunum 2000-2001:

*"Helgi vill til að byrja með taka fram að engin viðskipti sem hann kom að hafi verið framkvæmd nema eftir fyrirmælum frá Kristínu tengilið hans við hluthafa. "*

Undir Kristínu eru borin svör hennar frá 4. apríl 2003 (skýrsla V/3.3):

Kristín var spurð um lánveitingar Baugs til Fjárfars:
*"Kristín segir að hvorki henni né stjórn Baugs hf hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar til Fjárfars ehf, eftir því sem hún best viti."*

Kristín var spurð hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og á hvaða forsendum þær hafi verið gerðar:
*"Kristín kveðst ekki vita neitt um það."*

Kristín er spurð hvort hún vilji taka afstöðu til fyrri framburðar síns í ljósi framkominna upplýsinga um störf hennar fyrir Fjárfar.

Kristín segir að hún hafi ekki vitað um þessar lánveitingar á þeim tíma, hvorki sem stjórnarmaður í Baugi eða tengiliður við stjórnarformann Fjárfars. Hún hafi þó komist að þessari skuld við Baug síðar, hún hafi ekki tekið þátt í ákvörðunum um þessi viðskipti af hálfu Fjárfars. Hún hafi hvorki vitað að þau hefðu átt sér stað eða þá að um lánveitingar hefði verið að ræða frá Baugi.

Varðandi framburð Helga hér að ofan segist Kristín ekki vita til að þessi viðskipti hafi verið framkvæmd samkvæmt fyrirmælum hennar, það hafi þá frekar verið í gegnum Jón Ásgeir. Aðspurð um það hverjir gætu hafa tekið slíkar ákvarðanir f.h. Fjárfars segir hún það vera Jón Ásgeir eða hluthafa, þá væntanlega Helgu, en hún viti í raun ekki hver tók þessar ákvarðanir.

Kristín er spurð hver staða hennar var í stjórn Baugs á því tímabili sem um ræðir það er frá maí 2000 til febrúar 2001.

Kristín segist minna að hún hafi verið varamaður í stjórn á þessum tíma og ekki komið inn sem aðalmaður fyrr en á árinu 2002. Það hafi þó komið fyrir að hún sat fundi stjórnar þrátt fyrir varamennsku.

**16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m * 12,9"**
Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín biður um að fá að sjá samninginn að baki þessum viðskiptum og er sýndur hann. Kristín segist ekki hafa séð þetta skjal áður og segist ekki getað svarað því hver tók þessa ákvörðun það hafi í öllu falli ekki verið hún. Kristín segist ekki hafa vitað til þess að þessi viðskipti áttu sér stað.

Samkæmt upplýsingum frá innri endurskoðun Baugs Group hf. voru 5.000.000 hlutir að nafnverði seldir til Fjárfars þann 16. maí 2000 sem framseldi bréfin til Helgu Gísladóttur. (sbr. fylgiskjal 8.2 úr skýrslu SRS)
Kristín er spurð hver tilgangur með þessum kaupum hafi verið.

06877

Kristín segist ekki vita hver tilgangur kaupanna hafi verið á þeim tímapunkti þegar þau voru keypt og ekki vita hvort að Helga hafi fengið þessi bréf.

Kristín er spurð hvort og þá hvenær Baugur hefði hafið innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Kristín segir að skuldin hafi verið gerð upp í byrjun árs 2003 en hún vísar á Jón Ásgeir varðandi frágang á þessari skuld. Hún kvaðst ekki minnast innheimtuaðgerða af hálfu Baugs.

**30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000**
Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín óskar eftir að sjá samninginn varðandi þessi kaup og er henni sýndur hann, hún kveðst ekki muna eftir að hafa séð hann áður. Kristín kveðst ekki vita hver hafi tekið ákvörðun um þessi kaup og ekki vita hver tilgangurinn með þessum kaupum hafi verið. Kristín kvaðst heldur ekki muna eftir því að hún hafi vitað af þessum viðskiptum þegar þau áttu sér stað.

Sala Baugs á þessum bréfum var bakfærð þann 21.02.2002 í bókhaldi Baugs. Skv. upplýsingum frá núverandi talsmanni Fjárfars ehf. voru þessi viðskipti bakfærð skv. samkomulagi milli aðila þar sem forsendur brustu fyrir því að félagið yrði skráð á markað. Kristín er spurð hvort að eitthvað slíkt samkomulag hafi verið til staðar og er hún þá beðin um að gera grein fyrir því.

Kristín segist ekki hafa séð það samkomulag en hún hafi vitað að það hafi staðið til að setja þetta félag, Baug.net á markað.

**13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjáraukning" - kr. 85.758.591**
Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín segist ekki vita hver tók ákvörðun um það, það hafi eflaust verið í tengslum við Jón Ásgeir. Kristín kveðst hafa heyrt að það hafi verið pressa á að allir tækju þátt í útboðinu og því líklegt að Jón Ásgeir hafi tekið ákvörðun um að Fjárfar yrði með í því. Hún hafi e.t.v beðið Helga um að tilkynna um þátttöku Fjárfars í útboðinu en hún hafi ekkert vitað um frágang þeirra viðskipta. Kristín kveðst ekki hafa vitað á þessum tíma að um hefði verið að ræða lán frá Baugi.

Kristín taldi líklegt að þessi bréf hafi verið notuð sem veð gegn skuldum Fjárfars enda félagið mjög skuldsett.

Undir Kristínu er borið skjal nr. II/37.2.3. Um er að ræða samning um hlutabréfaviðskipti þar sem skv. upplýsingum frá Fjárfari hlutabréf í Baugi að nv. kr. 40.000.000 voru seld til Fjárfestingarfélagsins Straums gegn hlutabréfum í hinu síðarnefnda. Baugur hafi um svipað leyti fjárfest í Straumi en Fjárfar og Baugur ætluðu að hafa með sér samstarf í Straumi

Kristín er spurð hvort hún hafi haft vitneskju um þessar fyrirætlanir þegar hlutabréfin í Baugi voru keypt af Baugi.

Kristín segist ekki hafa vitað af þessum fyrirætlunum þegar Fjárfar keypti bréfin í Baugi.

Kristín vill taka það fram að hún tók ekki ákvarðanir varðandi rekstur Fjárfars. Kristín segist aðspurð ekki hafa séð neina lánasamninga á milli Fjárfars og Baugs varðandi þessi viðskipti eða önnur viðskipti við Baug. Kristín sagðist ekki getað svarað því hvort að Fjárfar hafi lagt fram einhverjar tryggingar gegn skuldum sínum við Baug hún hafi allavega aldrei séð nokkrar tryggingar eða lánasamninga við Baug.



06878

Kristín vill taka það fram í lokin að hún undrast að drög að skýrslu skattrannsóknarstjóra varðandi málefni Fjárfars hafi verið send til lögreglu í heild sinni.

Skýrslutöku lauk kl. 11^50

Staðfest rétt eftir haft:

Kristín Jóhannesdóttir

Skýrsluna skráði:

Aldís Hilmarsdóttir

Halldór Jónsson, hrl.

Viðstaddur og þátttakandi í skýrslutökunni:

Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi



06879

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | **RLS** | |
|---|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr.<br>006-2002-0086 | V/3.6 |
| Staður og stund :<br>Reykjavík - mánudaginn 11. apríl 2005. Klukkan 14:00 | | | |
| Sakarefni:<br>Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald | | | |
| Sakborningur/grunaður:<br>Kristín Jóhannesdóttir | | Kennitala:<br>090363-3959 | |
| Starf/staða:<br>Framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaumur hf | | Vinnusími:<br>588-9990 | |
| Lögheimili:<br>Barðaströnd 9, Seltjarnarnes | | Sími:<br>561-1144 / 864-3539 | |
| Dvalarstaður: | | Sími: | |

Kristín er mætt til yfirheyrslu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Henni er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar 95 milljón króna greiðslu úr sjóðum Baugs þann 15. júní 2001, sem og viðskipti Baugs-Group hf með hlutabréf í Arcadia og uppgjör í tengslum við yfirtöku Baugs-Group hf á A-Holding, dótturfélagi Baugs-Group hf

Kristínu er kynnt að 95 milljón króna greiðslan hafi verið til rannsóknar með tilliti til ákvæða 247. gr. alm. hgl. og í ljósi fyrirliggjandi gagna um ráðstöfun umræddra fjármuna, tengsla hennar við Gaum ehf og annarra aðstæðna málsins, sé talið rétt að hún njóti réttarstöðu sakbornings við þessa yfirheyrslu.

Kristínu er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hún ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hún vilji. Áminnt um sannsögli varðandi þau atriði sem hún kýs að tjá sig um og fyrir henni brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstödd yfirheyrsluna er Kristín Edwald, hdl. skipaður verjandi Kristínar. Kristínu er jafnframt kynnt að hún þurfi ekki að tjá sig um ætluð brot Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, bróður hennar.

Kristín kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúin að tjá sig.

Kristínu er kynnt að þann 15. júní 2001, hafi 95 milljón króna greiðsla borist frá Baugi-Group hf. inn á bankareikning Kaupthings Bank Luxembourg nr. 1100-26-454080 hjá Sparisjóðabanka Íslands.

Kristínu er jafnframt kynnt að í bókhaldi Baugs hafi umrædd greiðsla kr. 95.000.000 frá 15. júní 2001 verið færð sem krafa vegna útlagðs kostnaðar vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia á bókhaldslykil nr. 61152. Textinn á færslunni var "Ráðgjöf v/A-holding" og fylgiskjal að baki færslunni var útskrift á tölvupósti frá JÁJ til linda@baugur.is þar sem fyrirmæli voru um að greiða fyrrgreinda fjárhæð inn á reikning Kaupþings Ármúla. Inn á þessa útprentun á tölvupóstinum hefur verið handskrifað m.a. "eignfæra", "Ráðgjöf v/A-holding", "Viðskiptafæra á Baug Holding" og loks "Vantar reikning". Umrætt fylgiskjal er jafnframt borið undir Kristínu.

Kristín er nú spurð hvort hún geti á einhvern hátt gert grein fyrir þessari greiðslu sem barst frá Baugi til Kaupþings Luxembourg og samkvæmt skýringum í bókhaldi Baugs skýrð sem ráðgjafargreiðsla til Kaupþings vegna A-Holding.

Kristín kveðst ekki minnast þess að hafa séð þetta fylgiskjal úr bókhaldi Baugs áður. Hún kveðst ekki minnast þess að hafa haft vitneskju um þessa greiðslu á þeim tíma sem hún var greidd, en kveðst vita að Jóni Ásgeiri var á þessum tíma falið að ganga frá málum varðandi yfirtöku Baugs á A-Holding og ljúka því máli. Hún segir þetta vera sömu fjárhæð og rann til Gaums vegna þátttöku Gaums í A-Holding. Hún kveðst hins vegar ekki geta gert nákvæma grein fyrir því hvernig þetta var nákvæmlega gert upp og hvernig framkvæmdin var.

06880 KE KA

Undir Kristínu er borinn reikningur sem gefinn var út af Baugi þann 28.02.2002, reikningurinn er nr. SR05724, stílaður á A-Holding. Virðist sem þar sé verið að skuldfæra A Holding fyrir útlögðum kostnaði, samtals að fjárhæð 425,3 mkr. Kristínu er bent á að í sundurliðun reikningsins komi fram fjárhæðin 95.000.000 króna með skýringunni "Paid to Kaupthing (GBP 710.015)". Kristín er spurð hvort hún hafi séð þennan reikning áður og á hvaða forsendum reikningurinn hafi verið gerður.

Kristín kveðst ekki minnast þess að hafa séð þennan reikning áður og kveðst ekki geta gert frekari grein fyrir þessum reikningi.

Undir Kristínu er borinn tölvupóstur frá Önnu Þórðardóttur til Tryggva Jónssonar frá 01.11.2001, sem fannst við rannsókn lögreglu á tölvu Tryggva. Í tölvupóstinum er Anna að fjalla um uppsetningu á bókhaldi Baugs Holding og A Holding. Viðhengi með tölvupóstinum er fundargerð frá fundi í Luxembourg.

Fundargerðin sem sent var sem viðhengi með tölvupóstinum er dagsett þann 27.09.2001 og fundarmenn sagðir hafa verið Tryggvi Jónsson og Jóhanna Waagfjörð frá Baugi, Magnús og Eggert frá Kaupþingi Lux og Anna Þórðardóttir frá KPMG. Í umræddri fundargerð kemur m.a. fram "*95 millj. kr. voru greiddar til Kaupþings af Baugi hf. Tryggvi vissi ekki hvaða greiðsla þetta var en hann ætlar að ræða málið við Jón Ásgeir.*" Kristín er spurð hvort hún kunni einhverjar skýringar á því að yfirmönnum á fjármálasviði Baugs og endurskoðendum hafi ekki verið kunnugt um þessa 95 milljón króna greiðslu.

Kristín kveðst ekki kunna neina skýringu á því.

Kristínu er kynnt að við rannsókn lögreglu hafi komið í ljós að umrædd 95 milljón króna greiðsla hafi ekki runnið til Kaupþings Luxembourg, heldur sem hlutafjárframlag Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Gaums ehf til FBA Holding SA, dótturfélags Orca SA, en Jón Ásgeir og Gaumur ehf hafi átt u.þ.b. 25% eignarhlut í Orca SA, á þessum tíma. Kristín er spurð um aðkomu hennar að þessari hlutafjáraukningu í FBA Holding SA.

Kristín kveðst ekki minnast þess að hafa átt neina aðkomu að hlutafjáraukningunni í FBA Holding. Hún segir Jón Ásgeir hafa séð um málefni FBA Holding fyrir Gaum á þessum tíma.

Aðspurð kveðst Kristín ekki haft haft vitneskju um það á þessum tíma, þ.e. í júní 2001, að þessar 95 milljónir hafi runnið til FBA Holding SA í formi hlutafjárframlags Gaums í FBA Holding.

Kristínu er kynnt að í ljósi þeirra skýringa sem fram hafa komið hjá forsvarsmönnum Baugs eftir aðgerðir lögreglu í Luxembourg sé lögreglu nauðsynlegt að spyrja hana út í viðskipti Baugs-Group hf með hlutabréf í Arcadia og uppgjör í tengslum við yfirtöku Baugs-Group hf á A-Holding, dótturfélagi Baugs-Group hf

Kristín er beðin um að gera grein fyrir fjárfestingarstefnu Baugs-Group hf og aðkomu stjórnar félagsins að henni á tímabilinu 2000-2001.

Kristín segir það hafa verið stefna félagsins að leita að heppilegum fjárfestingarkostum og þá aðallega á smásölumarkaðinum, Arcadia hafi einmitt verið slíkur fjárfestingarkostur sem félagið hafi ákveðið að fjárfesta í.

Kristín er beðin um að gera grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum stjórnar Baugs-Group í tengslum við viðskipti er varða kaup Baugs og annarra íslenskra aðila á hlutabréfum í Arcadia og stofnun félagsins A-Holding, gagngert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia. Til upprifjunar og hliðsjónar eru fundargerðir stjórnar Baugs-Group hf, frá 16.03.2001 og 04.05.2001, bornar undir Kristínu, en



06881

samkvæmt þeim fundargerðum sat hún þá fundi. Málefni tengd Arcadia voru einnig til umfjöllunar á fundum stjórnar þann 12.01.2001 og 29.01.2001, en samkvæmt fundargerðum stjórnar hefur Kristín ekki setið þá fundi.

Kristín segir að strax á fundunum í janúar hafi legið fyrir ákvörðun stjórnar Baugs að stofna A-Holding með íslensku fjárfestunum, þ.e. Kaupþingi, Íslandsbanka, Gaumi og síðar einnig Gildingu. Jafnframt hafi legið fyrir að gerður yrði samningur um kauprétt Baugs á öllu hlutafé A-Holding, þannig að Baugur gæti yfirtekið félagið.

Þá hafi einnig verið ákveðið af stjórn að leita eftir samþykki um að auka hlutafé í Baugi til að greiða í skiptum fyrir bréfin í A-Holding.

Á stjórnarfundinum í maí 2001 hafi legið fyrir samþykki aðalfundar um hlutafjáraukningu og framkvæmdastjórn veitt heimild til að ganga frá samningum við hina hluthafana í A-Holding. Að öðru leyti kveðst Kristín vísa í ofangreindar fundargerðir stjórnar Baugs, þær séu nokkuð lýsandi um þetta.

Kristínu er kynnt að lögregla hafi í þágu rannsóknar málsins fengið afhentan hluthafasamning hluthafa A-Holding, frá 4. apríl 2001. Jafnframt var þann sama dag gerður samningur "Deed of Call Option" sem er á milli Baugs og A-Holding. Þar fær Baugur kauprétt til að kaupa hlutabréf A-Holding í Arcadia á fyrirfram skilgreindu verði á fyrirfram skilgreindu tímabili, þ.e. að Baugur ætti rétt á að kaupa öll hlutabréf A-Holding í Arcadia með 34% álagi á kostnaðarverð A-Holding, fyrir þann 28. febrúar 2002, auk þess sem Baugur tæki á sig þann kostnað sem A-Holding hafði haft vegna hlutabréfanna, samanber tl. 3.C í samningnum. Kristín er spurð hvort hún þekki þessa samninga aftur og beðin um að gera grein fyrir aðkomu sinni að gerð samninganna, þá bæði sem framkvæmdastjóri Gaums og varamaður stjórnar Baugs.

Kristín kveðst ekki minnast þess að hafa komið að gerð þessara samninga. Aðalstjórnarmenn í Baugi hafi að öllum líkindum komið að þessu máli. Kristín tekur það fram að stjórn Gaums Holding sé í höndum Magnúsar Guðmundssonar og Eggerts Hilmarssonar. Kristín segir að þeir hafi séð um þetta mál fyrir hönd Gaums Holding.

Samkvæmt gögnum sem Hreinn Loftsson hefur afhent lögreglu var þessi kaupréttarsamningur ekki nýttur af hálfu Baugs heldur gert nýtt samkomulag um yfirtöku Baugs á A-Holding. Í því sambandi er kaupsamningur dags. 10. maí 2001, borinn undir Kristínu, en samkvæmt honum keypti Baugur alla hluti í A-Holding með 16% álagi og greiddi með hlutabréfum í Baugi á genginu 12,6 að nafnverði. Verðið er skilgreint í 2. gr. samningsins og útreiknað á Schedule 1 með samningnum, og þar skipt á hluthafa ásamt greiðslu með hlutabréfum í Baugi. Kristín er beðin um að gera grein fyrir aðkomu sinni að þessum samningi og spurð hvernig fjallað hafi verið um þennan nýja samning af hálfu stjórnar Baugs.

Kristín kveðst vísa til fundargerðar stjórnar Baugs frá 4. maí 2001 og kveðst líta svo á að um sé að ræða frágang á því máli. Hún kveðst sjálf ekkert hafa komið að gerð þessa samnings. Kristín kveðst hafa fengið umboð frá Eggerti Hilmarssyni stjórnarmanni í Gaumi Holding til að undirritað samninginn. Að öðru leyti kveðst hún ekki minnast þess að hafa komið að þessum samningi með beinum hætti og kveðst ekki minnast þess að hafa tekið þátt í að semja um kaupverðið.

Kristín er spurð hvort hún viti til þess að hluthafarnir í A-Holding hafi fengið einhverjar aðrar greiðslur fyrir að falla frá kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001 og samþykkja samninginn frá 10. maí 2001, í tengslum við kaup Baugs á öllu hlutafé í félaginu, sem samkvæmt samningnum var greitt með hlutabréfum í Baugi.

Kristín kveðst ekki minnast þess að hafa haft vitneskju um slíkar bætur á þeim tíma þegar samningurinn var gerður þann 10. maí 2001. Hún kveðst síðar hafa fengið þær skýringar frá Jóni Ásgeiri að um slíkar



06882

bætur hafi verið að ræða og kveðst í því sambandi vísa til greinargerðar þeirrar sem Jón Ásgeir afhenti lögreglu í tengslum við rannsókn lögreglu á þessum 95 milljónum.

Hún kveðst einnig vísa til þess umboðs sem Jón Ásgeir hafði frá stjórn félagsins til að ganga frá samningi við hluthafa A-Holding og kveðst einnig vilja vísa til ákvæða 5. gr. samningsins frá 10. maí 2001, þar sem fram komi að Baugur greiði allan útlagðan kostnað vegna A-Holding.

Kristín er spurð hvort hún kannist við og e.a. hvort fjallað hafi verið um það á fundum stjórnar Baugs að greiddar yrðu sérstakar bætur eða þóknanir til hluthafa í A-Holding SA, fyrir að falla frá kauprétti í Arcadia.

Kristín kveðst vísa í samninginn frá 10. maí 2001 og þá heimild sem stjórnin gaf Jóni Ásgeiri á stjórnarfundinum þann 4. maí 2001.

Kristín er spurð hvort Jón Ásgeir Jóhannesson hafi haft (almenna) heimild frá stjórn Baugs til að gera samninga við Gaum, sem hann jafnframt er eigandi að, án þess að bera slíka samninga undir stjórn Baugs, eða gera grein fyrir þeim gagnvart stjórn Baugs.

Kristín tekur það fram að stjórn Baugs hafi verið kunnugt um það að Gaumur var einn af hluthöfum A-Holding og Jóni Ásgeiri hafi verið gefið umboð til að ganga frá samningi við Gaum eins og aðra hluthafa A-Holding.

Undir Kristínu er borin fundargerð stjórnar Baugs frá 4. maí 2001, en þar segir m.a. í 5. tölulið:
*"JAJ described the proposal to the Board of buying our partners in A Holding which holds 20% in Arcadia, and pay them with shares in Baugur at the rate of 12,6 per share in Baugur. The purchase price would be 9 bill. Icel. kr. and paid with nominal value of shares in Baugur amounting to 446 mill., which equals 5,6 bill. In market value. The difference of 3,4 bill. is a loan from Deutsche Bank to A Holding..."*

*"The Board accepted the proposal to buy out partners in A Holding. The management was instructed to carry out this decision."*

Umrædd tillaga Jóns Ásgeirs á stjórnarfundinum felur í sér skýra lýsingu á því hvað eigi að kaupa og hvernig eigi að greiða fyrir kaupin. Framkvæmdastjórn er síðan falið af stjórn félagsins að framkvæma þá ákvörðun. Kristín er spurð hvort hún telji að í umræddri ákvörðun stjórnar felist heimild til framkvæmdastjórnar að greiða hluthöfunum viðbótargreiðslur umfram þá tillögu sem stjórnin samþykkti, svo nemi hundruðum milljóna króna.

Kristín segir að ef það hafi verið það sem þurfti til að klára þetta mál, þá hafi Jón Ásgeir haft umboð til þess. Hann hafi fengið umboð til að klára þetta mál.

Kristínu er kynnt að fyrir liggi reglur stjórnar Baugs Group hf sem samþykktar voru á 9. stjórnarfundi félagsins þann 7. janúar 1999.

Liður 7 - í fyrrgreindum reglum er:
*"Málefni sem ekki teljast til daglegs rekstrar eða ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar og ekki hafa verið samþykktar í viðstkiptaáætlun félagsins ber að leggja fyrir stjórn til umfjöllunar og sérstakrar samþykktar hverju sinni. Dæmi um mál sem hér er átt við eru fjárfestingar sem ekki hafa verið samþykktar og taka til hærri fjárhæðar en 20-25 milljón króna. Ef ekki er ráðrúm til að ná saman formlegum stjórnarfundi er samþykkis leitað óformlega og staðfest á næsta stjórnarfundi. Þetta á þó ekki við ef um fjárfestingu í rekstrartækjum eða búnaði er að ræða og þess er gætt að heildarfjárfesting verði ekki umfram þá heildarfjárfestingu sem samþykkt var í viðskiptaáætlun.*



06883

*Hér undir falla einnig fjárfestingar í öðrum félögum, sala á hluta af starfsemi félagsins, kaup og sala fasteigna og hvers konar þátttaka í óskyldum rekstri.*

*Viðskipti Baugs hf. við félög eða aðila sem eru tengdir félaginu skulu lögð fyrir stjórn til samþykktar.*

*Samþykkis skal jafnan leitað fyrirfram nema brýnar aðstæður krefjist svo skjótra viðbragða að slíkt sé ekki unnt."*

Kristín er spurð hvort hún þekki þessar reglur sem stjórnin sett í janúar 1999.

Kristín segir þetta vera þær reglur sem lágu fyrir á þeim tíma hjá félaginu og voru settar áður en Kristín hafi komið inn sem varamaður í stjórn félagsins.

Kristínu er kynnt samkvæmt greinargerð sem Hreinn Loftsson hefur afhent lögreglu, sem og greinargerð sem Jón Ásgeir hefur afhent lögreglu af þessu tilefni, þá hafi verið tekin hafi ákvörðun um það innan Baugs að greiða eftirfarandi hluthöfum í A-Holding, aukalegar þóknanir við yfirtöku Baugs á A-Holding sem hér segir: Kaupþingi 300-400 milljónir króna, Íslandsbanka um 70-75 milljónir króna og Gaumi 95 milljónir króna. Samtals 470-570 milljónir króna umfram það kaupverð sem getið er í samningnum frá 10. maí 2001, sem greitt var með hlutabréfum í Baugi-Group hf

Kristín er spurð hvort ákvarðanir um slíkar greiðslur, ef þær hafa átt sér stað, hefði átt að bera undir stjórn félagsins.

Kristín segir að með ákvörðunum stjórnar á fundinum 4. maí 2001 og með undirritun Hreins Loftssonar á samningnum frá 10. maí 2001, í umboði stjórnar Baugs, hafi legið fyrir að það væri kostnaður umfram það kaupverð sem getið er í samningnum. Kristín vísar þar til ákvæða 3. gr. samningsins og 5. gr. en þar kemur fram að Baugur greiði ákveðinn kostnað sem skírður er í umræddum ákvæðum samningsins.

Kristín er beðin um að gera grein fyrir því hvernig farið hafi verið með umrædda 95 milljón króna greiðslu í bókhaldi Gaums Holding, þann 15. júní 2001, ef um var að ræða viðbótarþóknun til Gaums í tengslum við yfirtöku Baugs á A-Holding.

Kristín segir að ekki hafi legið fyrir upplýsingar frá FBA Holding varðandi þessa greiðslu fyrr en í leiðréttingarfærslum fyrir árið 2003. Þannig hafi ekkert verið bókað um þessa greiðslu fyrr en niðurstaða lá fyrir frá FBA Holding.

Til nánari skýringa tekur Kristín það fram að Gaumur ehf hafi verið hluthafi í FBA Holding. Þessi greiðsla hafi verið bókuð sem tekjur hjá Gaumi Holding og á móti sem krafa á Gaum ehf. Hjá Gaumi ehf hafi þetta verið skuldfært á Gaum Holding og eignfært á hlutabréf í FBA Holding. Þessar leiðréttingar hafi verið gerðar á árinu 2003 og sé bókað með þessum hætti hjá félögunum.

Kristínu er kynnt að ekki sé hægt að finna því stað í fundargerðum stjórnar Baugs frá þessum tíma að ákvörðun hafi verið tekin um að greiða hluthöfum A-Holding viðbótarþóknun umfram umsamið kaupverð við yfirtöku Baugs á A-Holding. Er það í samræmi við þær tilkynningar sem Baugur hefur sent frá sér til Kauphallar Íslands varðandi yfirtökuna á A-Holding. Þá hafa fyrrverandi stjórnarmenn Baugs, þau Guðfinna Bjarnadóttir og Þorgeir Baldursson borið því við í skýrslutöku hjá lögreglu að þau reki ekki minni til þess að rætt hafi verið um slíkar viðbótarþóknanir á stjórnarfundum Baugs. Ennfremur hafi Árni Oddur Þórðarsson, sem starfaði hjá Gildingu á umræddu tímabili, greint frá því við skýrslutöku hjá lögreglu að aldrei hafi verið rætt um neinar viðbótargreiðslur við yfirtökuna, umfram umsamið kaupverð eins og það kemur fram í samningnum frá 10. maí 2001. Hann kvaðst jafnframt hafa setið hluthafafund Baugs þar sem ákvörðun var tekin um að auka hlutafé í félaginu um 500 milljónir að



06884

nafnverði til að greiða hluthöfum A-Holding við yfirtökuna. Þar hafi heldur ekki verið rætt um viðbótargreiðslur til hluthafa A-Holding. Þar að auki hafa fyrrverandi hluthafar í A-Holding ekki getað framvísað neinum þeim bókhaldsgögnum eða samningum sem bera það með sér að tengjast slíkum viðbótargreiðslum. Kristín er beðin um að taka afstöðu til þessa.

Kristín kveðst ítreka það sem hún hafi þegar sagt í þessari skýrslu og bendir á það sem komi fram í fundargerð stjórnar Baugs frá 4. maí 2001 og samninginn frá 10. maí 2001.

Undir Kristínu er borin tölvupóstsamskipti milli hennar og Jóns Ásgeirs þann 16. apríl 2003, sem fundust við rannsókn SRS á tölvu Kristínar.

Þar skrifar Jón Ásgeir m.a.: *"...Síðan mér vantar 25 mills strax verð að greiða af þessum 95 marg ítrekað..."*

Kristín svarar Jóni Ásgeiri og segir m.a.: *"...Eitt varðandi þessar 95 millj þá eins og ég hef sagt þér að þá hafa þær ekki verið bókaðar sem krafa frá þér á Gaum. Skiptir þar máli að þessi pen hafa ekki farið í gegnum þitt skattframtal hér og hvaðan eiga þessir pen. að hafa komið? Ef ég læt þig hafa t.d. þessar 25 millj þá eina leiðin að setja það á viðskiptareikn þinn hjá félaginu sem ég vil ekki gera brennd af "meintum" lánum til hluthafa. Ég er reyndar að fá Flugle arðinn væntanlega á þriðjudag og gæti þess vegna greitt þessar 25 millj en það verður að finna einhverja aðra leið en að setja þetta á viðskiptareikn?? "*

Kristín er beðin um að gera grein fyrir þessum samskiptum og þeim 95 milljónum sem þar eru nefndar.

Kristín kveðst ekki muna eftir þessu og kveðst ekki átta sig á þeim 95 milljónum sem þau eru að ræða þarna og því síður kveðst hún átta sig á hvort þetta tengist þeim 95 milljónum sem hafa verið til umræðu við þessa skýrslutöku.

Undir Kristínu er einnig borinn tölvupóstur frá Jóni Ásgeiri til hennar þann 26.02.2003, en þar kemur m.a. fram: *"Þá færð þú mikið cash en minni á að mér vantar c.a. 50 milljónir á móti þessum 95."*

Kristín er beðin um að gera grein fyrir þessu.

Kristín kveðst heldur ekki átta sig á því sem um er rætt í þessum tölvupósti frá Jóni Ásgeiri.

Kristín er beðin um að gera grein fyrir greiðslum sem runnu til Jóns Ásgeir í tengslum við uppgjör á FBA Holding og Orca SA. Nánar tiltekið er um að ræða greiðslu að fjárhæð kr. 35.000.000 þann 13.06.2002, kr. 30.000.000 þann 27.06.2002 og 30.000.000 þann 17.09.2002, samtals að fjárhæð kr. 95.000.000.

Kristín segir að þetta sé alveg ótengt þeim greiðslum hafa verið til umfjöllunar hér í dag. Þessar þrjár greiðslur tengist uppgjörinu á FBA Holding og komi yfirtöku Baugs A-Holding ekkert við.

Kristín er spurð hvort hún hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Kristín kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja.

Kristín Edwald óskar eftir afritum af skýrslu þessari og öllum málsskjölum varðandi mál þetta sem ekki hafa þegar verið afhent.



06885

Skýrslutöku lauk kl. 16^30.

Staðfest rétt eftir haft:

Kristín Jóhannesdóttir

Kristín Jóhannesdóttir

Skýrsluna skráði:

S. I. Mag

Sveinn I. Magnússon

Verjandi Kristínar:

Kristín Edwald

Kristín Edwald, hdl.

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | RLS |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Grímur Grímsson lögreglufulltrúi | | Mál nr.<br>006-2002-0086 |
| Staður og stund:<br>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, þriðjudaginn 26. apríl 2005, kl.13:32 | | V/3.7 |
| Sakarefni:<br>Meint brot gegn ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. | | |
| Sakborningur/grunaður:<br>Kristín Jóhannesdóttir | | Kennitala:<br>090363-3959 |
| Starf/staða:<br>Framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. | | Vinnusími:<br>588 9990 |
| Lögheimili:<br>Barðaströnd 9, Seltjarnarnesi | | Sími:<br>561 1144/864 3539 |
| Dvalarstaður: | | Sími: |

Kristín Jóhannesdóttir er mætt til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun. Kristín hefur verið framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. frá árinu 1999 og varamaður í stjórn Baugs hf. frá 26. apríl 2000 og fram yfir þann tíma sem rannsókn lögreglu nær til.

Kristínu er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar meint brot hennar sem varamanns í stjórn Baugs hf. og framkvæmdastjóra Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. gegn ákvæðum 247. gr. um fjárdrátt og 249. gr. um umboðssvik alm. hgl. nr. 19/1940 og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hvað varðar lánveitingar til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra hlutafélags.

Kristínu er kynnt að henni sé óskylt að svara spurningum um það sem henni er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra máls nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Kristínu að kjósi hún að tjá sig um sakarefnið að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Kristínu er kynntur réttur hennar, á öllum stigum máls, til að ráða, á sinn kostnað, lögmann til að gæta réttar hennar og halda uppi vörnum sem talsmaður, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 19/1991. Jafnframt er Kritínu kynntur réttur hennar, sbr. 1. mgr. 35. gr. sömu laga þess efnis að hún geti óskað eftir því að fá skipaðan, af dómara, verjanda vegna rannsóknar málsins.

Kristín kveðst aðspurð skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Kristín Edwald hdl. er skipuð verjandi Kristínar og er hún viðstödd yfirheyrsluna.

Kristín kveðst vilja mótmæla sakargiftum.

Eftirfarandi gögn liggja frammi við yfirheyrsluna:

- óundirrituð drög að skýrslu endurskoðenda efnahagsbrotadeildar dags. 8. júlí 2004 sem Kristínu voru send með bréfi í ágúst 2004 og hún hefur haft tækifæri til að kynna sér.

- samantekt rannsóknara í Excelskjali með fyrirsögninni „*Lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf. – Ætlaðar ólögmætar lánveitingar og auðgunarbrot*“ merkt „*Efnahagsbrotadeild mars 2005*“ en þar eru skráðar þær færslur á viðskiptareikning Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. sem taldar eru falla undir ætlaðar ólögmætar lánveitingar Baugs hf. og auðgunarbrot. Samantektin var afhent Kristínu 11. apríl 2005.

- hreyfingalisti viðskiptamannareiknings Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. sem prentaður var út úr afrituðu bókhaldi Baugs hf. sem lagt var hald á í húsleit 28. ágúst 2002.

06887 KJ

- greinargerð Stefáns Hilmarssonar dags. 21. september 2004 (Fylgigögn skjals II/23.11)

Vísað verður til annarra gagna málsins eins og þurfa þykir.

Kristínu er kynnt Excel-yfirlit með samtals 37 færslum á viðskiptareikning Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. Færslurnar eru að mati RLS ætlaðar ólögmætar lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf., sbr. 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, samtals að fjárhæð kr. 433.760.155,00 á tímabili frá 30. september 1998 til og með 30. september 2001. Þar af eru samtals 7 færslur einnig ætlaður fjárdráttur eða ætluð umboðssvik, sbr. 247. og 249. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Samtals er um að ræða kr. 342.829.987,00 sem varða ætluð auðgunarbrot. Færslurnar eru sundurliðaðar í nefndu Excel-skjali. Þar er einnig vísað til stöðu á viðskiptareikningi Gaums ehf. þegar hver færsla var gerð svo og dagsetning endurgreiðslu lánveitingarinnar.

Kristín er nú spurð hvort hún vilji á þessu stigi kynna sér gögn að baki Excel-skjalinu svo og önnur ofangreind gögn sem liggja fyrir við yfirheyrsluna.

Kristín kveðst ekki á þessu stigi þurfa að kynna sér gögn að baki nefndu excel-skjali né önnur gögn sem liggja fyrir við yfirheyrsluna. Kristín segir að í greinargerð endurskoðanda Gaums ehf. frá 21. september 2004 sé fjallað um öll þau tilvik sem fram koma í exxel-skjalinu.

**Umsjón með viðskiptum Baugs hf. og Gaums ehf.**

Kristínu er kynnt að skv. göngum frá Hlutafélagaskrá hafi hún verið stjórnarmaður í Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. a.m.k. frá 1995 og framkvæmdastjóri félagsins a.m.k. frá aðalfundi 27. ágúst 1999. Þá hafi hún verið varamaður í stjórn Baugs hf. frá 26. apríl 2000.

Kristín er spurð hvort hún hafi einhverju við þetta að bæta.

Kristín kveðst ekki vera alveg viss um hvenær hún hafi komið inn í stjórn Gaums ehf. en segir rétt að hún hafi verið varamaður í stjórn Baugs hf. frá 26. apríl 2000.

Kristín er spurð hver hafi komið fram fyrir hönd Gaums ehf. í viðskiptum á milli félagsins og Baugs hf.

Kristín segir að eftir að hún tók við starfi framkvæmdastjóra Gaums ehf. hafi Jón Ásgeir Jóhannesson engu að síður haldið áfram að koma fram fyrir hönd Gaums ehf. m.a. í viðskiptum við Baug hf. Kristín segir að varðandi þau viðskipti sem tilgreind eru á excel-skjali rannsóknara hafi Jón Ásgeir almennt séð um þau viðskipti fyrir Gaum ehf.

Kristín er spurð hvaða aðilar hjá Baugi hf. hafi komið fram fyrir hönd þess félags í viðskiptum á milli Gaums ehf. og Baugs hf.

Kristín ítrekar að hún hafi ekki sjálf komið að viðskiptum við Baug hf. en kveðst telja að fjármálastjóri Baugs hf., forstjóri og aðstoðarforstjóri hafi komið fram fyrir hönd félagsins í viðskiptum við Gaum.

Kristín er spurð hvort gert hafi verið samkomulag á milli Baugs hf. og Gaums ehf. þess efnis að Baugur hf. gerði Gaumi ehf. reikninga vegna einhverra þátta í rekstri Baugs hf.

Kristín segir að sér vitanlega hafi slíkt samkomulag ekki verið gert en segir að Jón Ásgeir Jóhannesson ætti að geta gefið upplýsingar um slíkt samkomulag hafi það verið til.

Kristín er spurð hvernig það hafi komið til að Gaumur ehf. hafi stofnað viðskiptareikning hjá Baugi hf.



06888

Kristín kveðst ekki geta svarað því en telur að það hafi gerst vegna viðskipta á milli félaganna.

**Starfsreglur stjórnar Baugs hf. og stjórnenda.**

Frammi liggja Starfsreglur stjórnar Baugs hf. og stjórnenda sem samþykktar voru á 9. stjórnarfundi félagsins 7. janúar 1999. (Fylgigögn skjals II/23.15).

Liður III. í fyrrgreindum reglum er um samþykki stjórnar og er svo:
*„Málefni sem ekki teljast til daglegs rekstrar eða ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar og ekki hafa verið samþykktar í viðskiptaáætlun félagsins ber að leggja fyrir stjórn til umfjöllunar og sérstakrar samþykktar hverju sinni. Dæmi um mál sem hér er átt við eru fjárfestingar sem ekki hafa verið samþykktar og taka til hærri fjárhæðar en 20-25 milljón króna. Ef ekki er ráðrúm til að ná saman formlegum stjórnarfundi er samþykkis leitað ófomlega og staðfest á næsta stjórnarfundi. Þetta á þó ekki við ef um fjárfestingu í rekstrartækjum eða búnaði er að ræða og þess er gætt að heildarfjárfesting verði ekki umfram þá heildarfjárfestingu sem samþykkt var í viðskiptaáætlun.*

*Hér undir falla einnig fjárfestingar í öðrum félögum, sala á hluta af starfsemi félagsins, kaup og sala fasteigna og hvers konar þátttaka í óskyldum rekstri.*

*Viðskipti Baugs hf. við félög eða aðila sem eru tengdir félaginu skulu lögð fyrir stjórn til samþykktar.*

*Samþykkis skal jafnan leitað fyrirfram nema brýnar aðstæður krefjist svo skjótra viðbragða að slíkt sé ekki unnt."*

Kristín er spurð hvort hún þekki þessar reglur settar af stjórn Baugs hf. í janúar 1999.

Kristín segir að hún hafi ekki tekið sæti sem varamaður í stjórn Baugs hf. fyrr en í apríl 2000 og Kristín kveðst ekki muna til þess að henni hafi verið kynntar þessar reglur sérstaklega eftir að hún varð varamaður í stjórn Baugs hf. Kristín kveðst að öðru leyti vísa til svars sem hún gaf við yfirheyrslu hjá lögreglu 11. apríl 2005 varðandi nefndar starfsreglur stjórnar Baugs og stjórnenda.

Kristín er spurð hvort þessum reglum hafi einhvern tíma verið breytt.

Kristín segir að hana minni að Starfsreglum stjórnar Baugs hf. og stjórnenda hafi verið breytt en Kristín kveðst ekki muna hvenær það hafi verið gert né í hverju efnislega breytingarnar hafi verið fólgnar.

Kristínu er kynnt að í fundargerðum stjórnar Baugs hf. sé ekki sjáanlegt að stjórninni hafi verið gerð grein fyrir þeim lánveitingum sem tilgreindar eru á samantekt rannsóknara í Excelskjali með fyrirsögninni *„Lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf. – Ætlaðar ólögmætar lánveitingar og auðgunarbrot"* merkt *„Efnahagsbrotadeild mars 2005".*

Kristín er spurð hvers vegna þessar lánveitingar hafi ekki verið lagðar fyrir stjórn Baugs hf. til samþykkis í samræmi við „Starfsreglur stjórnar Baugs hf. og stjórnenda."

Kristín kveðst ekki vita hvort þau viðskipti sem fram koma á excel-skjali rannsóknara hafi verið bornar undir stjórn til samþykktar.



06889

**Reikningar sem Baugur hf. gerir á Gaum ehf. vegna útlagðs kostnaðar.**

Hér á eftir verður spurt um einstakar lánveitingar sem tilgreindar eru í greindu Excel-skjali rannsóknara.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Gagnabanki íslands R6824 | **399.807** | 30.09.1998 | 20.05.2002 | 0 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín kveðst ekki kannast við þessa færslu.

Kristínu er á það bent að dags. færslunnar sé 30. september 1998 en Kristín hafði þá ekki hafið störf sem framkvæmdastjóri Gaums ehf. né var hún þá varamaður í stjórn Baugs hf.

Kristín er spurð hvort hún hafi, sem framkvæmdastjóri Gaums ehf., haft vitneskju um reikning frá Baugi hf. sem var að baki þessari færslu

Kristín segir svo ekki vera.

Kristín er spurð hvaða aðili hjá Baugi hf. hafi verið tengiliður við Gaum ehf. vegna þessara viðskipta.

Kristín kveðst ekki vita hver hafi verið tengiliður hjá Baugi hf. vegna þessara viðskipta. Kristín segir að eins og áður hafi komið fram hafi Jón Ásgeir Jóhannesson sinnt verkefnum fyrir Gaum ehf. og þessi færsla tengist verkefnum hans fyrir félagið.

Kristínu er kynnt að nefndur reikningur að fjárhæð kr. 399.807,00 hafi verið ógreiddur þann 20. maí 2002 þegar víxileign að fjárhæð kr. 244.347.997,00 var færð til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf.

Kristín er spurð hvers vegna þessi reikningur hafi ekki verið greiddur frá 30. september 1998 til 20. maí 2002.

Kristín kveðst ekki hafa skýringu á því.

Kristín er spurð hvort fram hafi farið innheimtuaðgerðir að hálfu Baugs hf. vegna þessa reiknings.

Kristín kveðst ekki minnast þess.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Hagstofa Íslands | **1.623** | 06.11.1998 | 20.05.2002 | 12.849.807 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01441 | **462.289** | 01.05.2000 | 20.05.2002 | 144.006.671 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

Kristín er spurð hvort stjórn Baugs hf. hafi verið gerð grein fyrir þessari lánveitingu félagsins til Gaums ehf.

Kristín kveðst ekki minnast þess. Kristín kveðst vilja benda á að þó hún hafi verið varamaður í stjórn Baugs hf. hafi hún ekki setið alla fundi stjórnar félagsins.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01412 | **4.100** | 30.05.2000 | 20.05.2002 | 140.933.255 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01413 | **49.446** | 30.05.2000 | 20.05.2002 | 140.937.355 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01503 | **15.174** | 01.06.2000 | 20.05.2002 | 140.986.801 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01532 | **341.526** | 07.06.2000 | 20.05.2002 | 141.001.975 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01636 | **70.934** | 23.06.2000 | 20.05.2002 | 141.343.501 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01629 | **134.725** | 30.06.2000 | 20.05.2002 | 77.784.643 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01635 | **132.826** | 30.06.2000 | 20.05.2002 | 77.919.368 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01645 | **22.602** | 30.06.2000 | 20.05.2002 | 78.052.194 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01591 | **520.725** | 05.07.2000 | 20.05.2002 | 62.074.796 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01757 | **448.401** | 15.08.2000 | 20.05.2002 | 62.595.521 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01759 | **129.085** | 15.08.2000 | 20.05.2002 | 63.043.922 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01812 | **1.045.294** | 01.09.2000 | 20.05.2002 | 63.173.007 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01813 | **1.881.953** | 01.09.2000 | 20.05.2002 | 64.218.301 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01922 | **657.015** | 19.10.2000 | 20.05.2002 | 51.168.544 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR01934 | **82.001** | 19.10.2000 | 20.05.2002 | 51.825.559 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.



06893

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR02304 | **226.855** | 29.12.2000 | 20.05.2002 | 51.217.077 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR02732 | **463.443** | 30.03.2001 | 20.05.2002 | 145.871.863 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR02950 | **554.563** | 30.04.2001 | 20.05.2002 | 162.282.426 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR02963 | **115.115** | 28.05.2001 | 20.05.2002 | 262.836.989 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| Reikningur SR03662 | **160.255** | 30.09.2001 | 20.05.2002 | 244.187.742 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún þekki ekki þessa færslu og vísar í svar sitt að ofan að öllu leyti.

**Reikningar sem Baugur hf. gerir á Gaum ehf. vegna þátttöku í rekstarkostnaði.**

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| "skrifstofuþjónusta 98-99" | **4.000.000** | 31.12.1999 | 20.05.2002 | 80.229.242 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að hún hafi ekki kannast við færsluna á þeim tíma sem hún er gerð.

Kristín er spurð í hverju skrifstofuþjónusta sem Baugur hf. innti af hendi fyrir Gaum ehf. árin 1998 – 1999 hafi verið fólgin.

Kristín kveðst telja að m.a. sé um að ræða vinnu ritara Jóns Ásgeirs hjá Baugi hf. sem að hluta til hefur sinnt verkefnum fyrir Gaum ehf. í tengslum við vinnu Jóns Ásgeirs fyrir Gaum ehf. Kristín kveðst að öðru leyti vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda.

Kristín er spurð hvernig endurgjald fyrir þá skrifstofuþjónustu sem Baugur hf. hafi innt af hendi fyrir Gaum ehf. 1998 – 1999 hafi verið ákvarðað.

Kristín kveðst ekki vita þetta og segir aðspurð að Jón Ásgeir Jóhannesson ætti að geta svarað þessari spurningu.

Kristín er spurð hvaða aðili hjá Baugi hf. hafi verið tengiliður við Gaum ehf. vegna þessara viðskipta.

Kristín kveðst ekki vita þetta en kveðst telja að fjármálastjóri Baugs hf. eða aðstoðarforstjóri hafi komið fram fyrir hönd Baugs hf.

Kristínu er kynnt að nefndur reikningur að fjárhæð kr. 4.000.000,00 hafi verið ógreiddur þann 20. maí 2002 þegar víxileign að fjárhæð kr. 244.347.997,00 var færð til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf.

Kristín er spurð hvers vegna þessi reikningur hafi ekki verið greiddur frá 31. desember 1999 til 20. maí 2002.

Kristín kveðst ekki geta svarað því en segir aðspurð að ekki hafi vitað til þess að samkomulag hafi verið á milli félaganna um að reikningurinn væri ekki greiddur.

Kristín er spurð hvort fram hafi farið innheimtuaðgerðir að hálfu Baugs hf. vegna þessa reiknings.

Kristín kveðst ekki minnast þess.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| "Hlutd. Í launum forstjóra" | **6.000.000** | 31.12.1999 | 20.05.2002 | 84.229.242 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að varðandi þessa færslu vísi hún til svars síns hér að framan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| "Ferðakostnaður" | **3.010.411** | 31.12.1999 | 20.05.2002 | 95.258.575 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að varðandi þessa færslu vísi hún til svars síns hér að framan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| "Launakostnaður árið 2000" | **15.000.000** | 31.12.2000 | 20.05.2002 | 51.443.932 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að varðandi þessa færslu vísi hún til svars síns hér að framan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| "Kostnaður yfirstjórnar" | **15.000.000** | 31.12.2000 | 20.05.2002 | 66.443.932 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að varðandi þessa færslu vísi hún til svars síns hér að framan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| "Þátttaka í auglýsingaherferð" | **30.000.000** | 31.12.2000 | 20.05.2002 | 81.443.932 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að varðandi þessa færslu vísi hún til svars síns hér að framan að öllu leyti.

| Skýring | Samt fjárhæð | Dags færslu | Dags endurgreiðslu | Staða á vskr fyrir færslu |
|---|---|---|---|---|
| "Þátttaka í stjónunarkostnaði" | **10.000.000** | 31.12.2000 | 20.05.2002 | 81.443.932 |

Fylgiskjöl úr bókhaldi Baugs hf. varðandi þessa færslu eru borin undir Kristínu og hún spurð hvort hún kannist við færsluna.

Kristín segir að varðandi þessa færslu vísi hún til svars síns hér að framan að öllu leyti.



06896

**Formlegar lánveitinga Baugs hf. til Gaums ehf.**

Kristín kveðst vilja koma því á framfæri að hún telji að ekki hafi verið um að ræða formlegar lánveitingar á milli Baugs hf. og Gaums ehf. heldur greiðslur vegna viðskipta.

*100 mkr. 23. ágúst 1999.*

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi Baugur hf. þann 23. ágúst 1999 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 100.000.000,00 með skýringunni „Gaumur v/hlutafjárútboð".

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 182.782.689,00.

Spurt er hvort Kristín þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 23. ágúst 1999.

Kristín segir að á þessum tíma hafi hún ekki verið framkvæmdastóri Gaums ehf. og kveðst ekki hafa komið að þeim viðskiptum sem að baki þessari færslu liggja.

Kynnt er að skv. greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 hafi Baugur hf. greitt kr. 100.000.000,00 til Íslandsbanka þann 23. ágúst 1999 vegna hlutafjárútboðs félagsins sem hófst í apríl 1999.

Kristín er beðin um að skýra ástæðu þess að Baugur hf. hafi greitt kr. 100.000.000,00 fyrir Gaum ehf. þann 23. ágúst 1999.

Kristín kveðst vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar varðandi lýsingu á viðskiptum á milli Baugs hf. og Gaums ehf, sem að liggja að baki þessari færslu.

Spurt er hvort Baugur hf. hafi með greiðslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 fyrir Gaum ehf. vegna hlutafjárútboðs í Baugi hf. fjármagnað kaup Gaums ehf. á hlutafé í Baugi hf.

Kristín segir svo ekki vera heldur hafi verið um að ræða viðskipti á milli félaganna.

Spurt er hver eða hverjir hjá Baugi hf. hafi tekið ákvörðun um lánveitingu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 til Gaums ehf. dags. 23. ágúst 1999.

Kristín kveðst vilja ítreka að ekki hafi verið um lánveitingu að ræða frá Baugi hf. til Gaums ehf. heldur hafi verið um viðskipti að ræða á milli félaganna.

Kristín er spurð hvaða aðili hjá Baugi hf. hafi verið tengiliður við Gaum ehf. vegna þessara viðskipta.

Kristín kveðst telja að um sömu aðila og hún hafi áður nefnt varðandi viðskipti á milli Baugs hf. og Gaums ehf.

Spurt er hvort nefnd lánveiting að fjárhæð kr. 100.000.000,00 dags. 23. ágúst 1999 hafi verið borin undir stjórn Baugs hf. eða einstaka meðlimi stjórnar.

Kristín kveðst ekki þekkja hvort svo hafi verið.

Spurt er hvort nefnd lánveiting hafi verið hluti af fjárfestingastefnu Baugs hf.

Kristín kveðst telja að viðskipti hafi verið hluti af fjárfestingarstefnu Baugs hf.. Kristín segir að Baugur hf. hafi viljað ná sérleyfi vegna reksturs Debenhams verslunar og það hafi verið gert með milligöngu Gaums ehf.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Kristín kveðst mótmæla orðalagi spurningarinnar þar sem hún telji að um viðskiptalán hafi verið að ræða. Kristín kveðst ekki vita til þess að gerð hafi verið athugsemd við þetta viðskiptalán.

*4,5 mkr. 11. október 1999.*

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi Baugur hf. þann 11. október 1999 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 4.500.000,00 með skýringunni „Lán frá Baugi".

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs hf. nr. 77 hjá SPRON.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 187.665.005,00.

Spurt er hvort Kristín þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 4.500.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 11. október 1999.

Kristín kveðst ekki hafa vitað af þessari færslu á þessum tíma. Kristín kveðst að öðru leyti vísa til skýringa sem fram koma í greinargerða Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda varðandi þessi viðskipti.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram, varðandi nefndar kr. 4.500.000,00, að um sé að ræða fjárhæð sem greidd hafi verið frá Baugi hf. til Gaums ehf. vegna kaupa á geymsluhúsnæði að Viðarhöfða 6, Reykjavík en fyrirhugað hafi verið að selja húsnæðið síðar til Baugs hf.

Einnig er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust frá Baugi hf. með bréfi dags. 21. janúar 2005 (skjal málsins nr. II/23.15) hafi, nefndar 4.500.000,00 verið fyrirframgreiðsla vegna kaupa sem ekkert varð úr og gengu síðar til baka.

Enn fremur er kynnt að skv. kaupsamningi um nefnt húsnæði að Viðarhöfða 6 í Reykjavík, en afrit hans var afhent að hálfu Gaums ehf. með bréfi dags. 19. janúar 2005, hafi hann verið undirritaður þann 8. júlí 1999.

Spurt er hvort legið hafi fyrir samningur eða samkomulag á milli Baugs hf. og Gaums ehf. varðandi viðskipti á milli félaganna með geymsluhúsnæði að Viðarhöfða 6 í Reykjavík.

Kristín kveðst ekki þekkja hvort svo hafi verið.

Spurt er hvort Baugur hf. hafi fjármagnað kaup Gaums ehf. á húsnæði að Viðarhöfða 6, Reykjavík með lánveitingu að fjárhæð kr. 4.500.000,00 dags. 11. október 1999.



006898

Kristín segir að um hafi verið að ræða greiðslu vegna fyrirhugaðra viðskipta en ekki fjármögnun Baugs hf. vegna kaupa Gaums ehf. á húsnæði.

Spurt er hver eða hverjir hjá Baugi hf. hafi tekið ákvörðun um lánveitingu að fjárhæð kr. 4.500.000,00 til Gaums ehf. dags. 11. október 1999.

Kristín kveðst ekki vita hverjir hafi komið að þessum viðskiptum á milli félaganna.

Spurt er hvort nefnd lánveiting að fjárhæð kr. 4.500.000,00 dags. 11. október 1999 hafi verið borin undir stjórn Baugs hf. eða einstaka meðlimi stjórnar.

Kristín kveðst ekki vita hvort það hafi verið gert.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Kristín kveðst ekki vita til þess að gerð hafi verið athugasemd við þessi viðskipti.

*35 mkr. 14. desember 1999.*

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi Baugur hf. þann 14. desember 1999 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 35.000.000,00 með skýringunni „Lán frá Baugi".

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 201.001.430,00.

Spurt er hvort Kristín þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 35.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 14. desember 1999.

Kristín kveðst ekki hafa komið að þessum viðskiptum og vísar í greinargerð Stefáns Hilmarssonar varðandi frekari skýringar á þessum viðskiptum.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram að greiðsla að fjárhæð kr. 35.000.000,00, dags. 14. desember 1999 frá Baugi hf. til Gaums ehf. hafi verið vegna kaupa Gaums ehf. á GBP 186.500 hlutum í Debenhams PLC., Bretlandi sem seldir hafi verið 21. desember 1999 og hafi þá kr. 35.000.000,00 verið endurgreiddar inn á viðskiptareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf.

Einnig er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust frá Baugi hf. með bréfi dags. 21. janúar 2005 hafi verið almennar umræður í stjórn Baugs hf. um fjárfestingu félagsins í Debenhams PLC en að mati framkvæmdastjórnar félagsins hafi greiðsla dags. 14. desember 1999 að fjárhæð kr. 35.000.000,00 verið þáttur í daglegum rekstri til að liðka fyrir samningaviðræðum við Debenhams PLC.

Spurt er með hvaða hætti milliganga Gaums ehf. með viðskipti í Debenhams PLC í Bretlandi hafi tengst og liðkað fyrir samningaviðræðum Baugs hf. við Debenhams PLC.

Kristín segir að hún hafi ekki komið að þessum viðskiptum og kveðst vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar hvað varðar frekari skýringar.



06899

Kynnt er að skv. gögnum sem bárust með greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 hafi Gaumur hf., kt. 601283-0349, keypt og selt hlutabréf í Debenhams PLC í nóvember og desember 1999.

Spurt er hvers vegna nafn Gaums hf. komi við sögu í þessum viðskiptum en ekki nafn Fjárfestingafélagsins Gaums ehf., kt. 560389-1409.

Kristín segir að Gaumur hf. hafi verið afskráð árið 1998 og því hafi Gaumur ehf. verið sá aðili sem átti í nefndum viðskiptum með hluti í Debenhams PLC í Bretlandi. Kristín segir að einhverra hluta vegna hafi kennitala Gaums hf. stöku sinnum komið upp eftir afskráningu félagsins og gerist jafnvel enn í dag.

Kynnt er að skv. gögnum sem bárust með greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 hafi kaup á 186.500 hlutum í Debenhams PLC farið fram 8. nóvember 1999 og verið gerð upp 15. nóvember 1999.

Einnig er kynnt að greiðsla frá Baugi hf. til Gaums ehf. vegna þessara viðskipta hafi farið fram 14. desember 1999.

Óskað er skýringa á því að u.þ.b. einn mánuður líði frá viðskiptum Gaums ehf. með hlutabréf í Debenhams PLC og þar til Baugur hf. greiðir kr. 35.000.000,00 til Gaums ehf.

Kristín kveðst ekki þekkja skýringar þessa.

Spurt er hvort Baugur hf. hafi fjármagnað kaup Gaums ehf. á hlutafé í Debenhams PLC með lánveitingu dags. 14. desember 1999.

Kristín segir svo ekki vera heldur sé greinilega um að ræða viðskipti á milli félaganna. Kristín kveðst að öðru leyti vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Kristín kveðst ekki vita til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þessi viðskipti.

_100 mkr. 18. maí 2001._

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi Baugur hf. þann 18. maí 2001 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 100.000.000,00 með skýringunni „Lán til Gaums".

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 262.836.989,00.

Spurt er hvort Kristín þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 18. maí 2001.

Kristín kveðst vísa í greinargerð Stefáns Hilmarssonar varðandi þessa færslu.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram,



06900

varðandi nefndar kr. 100.000.000,00, að um sé að ræða fjárhæð sem greidd hafi verið frá Baugi hf. til Gaums ehf. vegna hlutafjárframlags Gaums ehf. til NRG AB og hafi greiðsla Gaums ehf. til NRG AB farið fram samdægurs eða 18. maí 2001.

Einnig er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust frá Baugi hf. með bréfi dags. 21. janúar 2005 hafi umrædd greiðsla til Gaums ehf. ekki verið færð til bókar á stjórnarfundum Baugs hf. né hafi umræður um kaup Gaums ehf. í NRG AB verið færð til bókar á stjórnarfundum Baugs hf.

Þá er kynnt að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram að greiðsla Gaums ehf. á kr. 100.000.000,00 til NRG AB hafi verið hluti af viðskiptaáætlun um stofnun eignarhaldsfélags sem Gaumur ehf. yrði hluthafi í til að byrja með en Gaumur ehf. myndi framselja verkefnið áfram til Baugs hf. að gefnum ákveðnum forsendum.

Enn fremur er kynnt að skv. bréfi frá Gaumi ehf. dags. 19. janúar 2005 hafi greiðsla Gaums ehf. til NRG AB dags. 18. maí 2001 verið þátttaka í hlutafjáraukningu.

Spurt er hvort samkomulag hafi verið gert á milli Baugs hf. og Gaums ehf. um þann framgangsmáta að Gaumur ehf. yrði í upphafi hluthafi í nefndu eignarhaldsfélagi en myndi, að gefnum tilteknum forsendum, framselja verkefnið til Baugs hf.

Kristín segir að ekki hafi verið gert skriflegt samkomulag á milli félaganna varðandi þessi viðskipti en segir að gagnkvæmur skilningur hafi verið á milli manna hjá félögunum þess efnis að Gaumur ehf. tæki upphafsáhættu en Baugur hf. kæmi síðar inn í verkefnið. Kristín segir að ef af umræddum viðskiptum hefði orðið hefði verið um góð viðskipti að ræða fyrir Baug hf.

Kristín er spurð við hverja hún eigi þegar hún segi að gagnkvæmur skilningur hafi verið á milli manna hjá félögunum að Gaumur ehf. færi á undan í þessi viðskipti.

Kristín segir að Jón Ásgeir hafi komið þessum viðskiptum við NRG AB á en hún kveðst ekki vita hvernig viðskiptin hafi verið rædd hjá Baugi hf.

Spurt er hver eða hverjir hjá Baugi hf. hafi tekið ákvörðun um lánveitingu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 til Gaums ehf. dags. 18. maí 2001.

Kristín kveðst vilja taka fram að um viðskipti á milli félaganna sé að ræða en hún kveðst ekki vita hver eða hverjir hjá Baugi hf. hafi tekið ákvörðun þar að lútandi.

Kristín er spurð hvaða aðili hjá Baugi hf. hafi verið tengiliður við Gaum ehf. vegna þessara viðskipta.

Kristín segir að það hafi verið Jón Ásgeir Jóhannesson.

Spurt er hvort Baugur hf. hafi fjármagnað þátttöku Gaums ehf. í hlutafjáraukningu í NRG AB með lánveitingu dags. 18. maí 2001.

Kristín kveðst vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar hvað varðar heildarmynd þessara viðskipta.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Kristín kveðst ekki vita til þess að gerð hafi verð athugasemd við þessi viðskipti.



06901

**Lánveitingar Baugs hf. til Gaums ehf. vegna hlutafjárkaupa.**

*Kr. 50.529.987,00 13. febrúar 2001.*

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi Baugur hf. þann 13. febrúar 2001 fært kröfu á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 340.529.987,00 með skýringunni „Gaumur ógr.hlutafjáraukni".

Enn fremur er kynnt að skv. hreyfingalistanum sé samdægurs færð lækkun á viðskiptamannareikninginn með skýringunni „Gaumur greidd hlutafjárauk"

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærslur verið gerðar á fjárhagslykil F 76730 – óinnheimt hlutafé.

Jafnframt er kynnt að eftir nefndar færslur hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 145.871.863,00.

Spurt er hvort Kristín þekki þessar færslur að fjárhæð kr. 340.529.987,00 annars vegar og kr. -290.000.000,00 hins vegar á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 13. febrúar 2001.

Kristín kveðst ekki þekkja þessar færslur frá þeim tíma sem þær voru gerðar en segir að Jón Ásgeir hafi verið búinn að ná samkomulagi við Gildingu um að það félag keypti þessa hluti Gaums ehf. í Baugi hf.

Kristínu er á það bent að Gilding hafi greitt kr. 290.000.000,00 vegna hlutfjárloforðs samtals að fjárhæð kr. 340.529.987,00.

Kristín segir að verið geti að Gilding hafi tekið minni hluta en til hafi staðið í upphafi.

Kynnt er að skv. fylgiskjölum úr bókhaldi Baugs hf., sbr. ofangreindar færslur á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf. og fjárhagslykil F 76730 hafi Gaumur ehf. keypt hlutabréf í hlutafjárútboði að fjárhæð kr. 340.529.987,00 í Baugi hf. dags. 13. febrúar 2001 og greitt samdægurs kr. 290.000.000,00. Eftirstöðvar vegna þátttöku Gaums ehf. í hlutafjárútboðinu voru þann 13. febrúar 2001 kr. 50.529.987,00.

Spurt er hvort Baugur hf. hafi fjármagnað þátttöku Gaums ehf. í hlutafjárútboði í Baugi hf. með lánveitingu að fjárhæð kr. 50.529.987,00, dags. 13. febrúar 2001.

Kristín kveðst vísa til fyrri skýringar þess efnis að samkomulag hafi verið á milli Gaums ehf. og Gildingar um að Gilding keypti þessa hluti Gaum ehf. í Baugi.

Spurt er hver eða hverjir hjá Baugi hf. hafi tekið ákvörðun um lánveitingu að fjárhæð kr. 50.529.987,00 til Gaums ehf. dags. 13. febrúar 2001 vegna þátttöku í hlutafjárútboði.

Kristín kveðst enn vísa til þess að samkomulag um þessi viðskipti hafi verið á milli Gaums ehf. og Gildingar þess efnis að Gilding keypti hlut Gaums ehf. í hlutafjárútboðinu.

Kristín er spurð hvaða aðili hjá Baugi hf. hafi verið tengiliður við Gaum ehf. vegna þessara viðskipta.

Kristín kveðst ekki vita það.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Kristín kveðst ekki kannast við athugasemdir vegna þessara viðskipta.

**Önnur viðskipti á milli Baugs hf. og Gaums ehf.**

_Sala Baugs hf. á hlutabréfum í Flugleiðum til Gaums ehf._

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi í lokafærslum þann 31. desember 1999 verið færð krafa á Gaum ehf. að fjárhæð kr. 44.800.000,00 með skýringunni „Söluv. fært á Gaum“.

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærslur verið gerðar á fjárhagslykla F 55505 – Hagnaður af sölu hlutabréfa og F 65514 Hlutafé, Flugleiðir hf.

Jafnframt er kynnt að eftir nefndar færslur hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 143.068.986,00.

Spurt er hvort Kristín þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 44.800.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 31. desember 1999.

Kristín kveðst ekkert hafa haft með þessi viðskipti að gera og kveðst aðfarið vísa í greinargerð Stefáns Hilmarssonar.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram, varðandi nefnda færslu að fjárhæð kr. 44.800.000,00, að um sé að ræða hluta lokafærslna vegna endurskoðunar hjá Baugi fyrir árið 1999 þar sem við endurskoðunina hafi komið fram að bréf í Flugleiðum sem verið höfðu í eigu Baugs hf. höfðu ekki verið yfirfærð til Gaums ehf. rétt eftir mitt ár 1999. Gaumur ehf. seldi hins vegar bréfin 27. ágúst 1999. Fór yfirfærslan fram á markaðsvirði í árslok 1999.

Einnig er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust frá Baugi hf. með bréfi dags. 5. mars 2004 hafi ekki verið gerður skriflegur samningur vegna umræddra viðskipti á milli Baugs hf. og Gaums ehf.

Þá er kynnt að skv. upplýsingum sem fengust hjá Gaumi ehf. með bréfi dags. 5. mars 2004 að vegna þessara viðskipta hafi verið um að ræða munnlegt samkomulag á milli aðila.

Spurt er hverjir hafi komið að nefndu samkomulagi á milli félaganna um viðskipti með hlutabréf í Flugleiðum hf. rétt eftir mitt ár 1999.

Kristín segir að fyrir hönd Gaums ehf. hafi það væntanlega verið Jón Ásgeir Jóhannesson en Kristín kveðst ekki vita hver hafi komið fram fyrir hönd Baugs hf.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Kristín kveðst ekki vita til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þessi viðskipti.

_Kaup Baugs hf. á hlutabréfum í Viðskiptatrausti af Gaumi ehf._

Kynnt er að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums efh. hjá Baugi hf. hafi Baugur hf. fært kröfu á hendur Gaumi ehf. að fjárhæð kr. 8.000.000,00 þann 3. desember 1999 með skýringunni „Gr. skv. samn. frá 12. mars“.



06903

Einnig er kynnt að skv. bókhaldi Baugs hf. hafi mótfærsla verið gerð á bankareikning Baugs hf. nr. 720 hjá Íslandsbanka.

Jafnframt er kynnt að eftir nefnda færslu hafi krafa Baugs hf. á viðskiptamannareikningi á hendur Gaumi ehf. verið kr. 168.031.286,00.

Spurt er hvort Kristín þekki þessa færslu að fjárhæð kr. 8.000.000,00 á viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., dags. 3. desember 1999.

Kristín kveðst ekki hafa komið að þessum viðskiptum en kveðst vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar varðandi frekari skýringar.

Kynnt er að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda dags. 21. september 2004 komi fram að Gaumur ehf. hafi verið eigandi 50% hluta í Viðskiptatrausti ehf. en SPRON hafi verið eigandi 50% hluta. Þá kemur og fram í greinargerð Stefáns Hilmarssonar að hinn 12. mars 1999 hafi Gaumur ehf. gert samning við SPRON um kaup Gaums ehf. á hlut SPRON í Viðskiptatausti ehf. Hafi Baugur hf. innt af hendi greiðsluna vegna samningsins og fært á móti greiðslunni kröfu á viðskiptareikning Gaums ehf. hjá Baugi.

Einnig er kynnt að í greinargerð Stefáns Hilmarssonar komi fram að Baugur hf. hafi í lok júní 1999 eignast allt hlutafé Viðskiptatrausts ehf. og hafi félögin verið sameinuð miðað við 1. janúar 2000.

Enn fremur er kynnt að skv. hreyfingalista viðskiptamannareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi verið skuldfærðar kr. 16.000.000,00 með textanum: „Hlutabréf í Vtraust keypt af Gaumi".

Spurt er hvort Baugur hf. hafi fjármagnað kaup Gaums ehf. á 50% hlut í Viðskiptatrausti ehf. af SPRON með lánveitingu að fjárhæð kr. 8.000.000,00, dags. 3. desember 1999.

Kristín kveðst alfarið vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar varðandi þessi viðskipti á milli Baugs hf. og Gaums ehf.

Spurt er hver eða hverjir hjá Baugi hf. hafi tekið ákvörðun um lánveitingu að fjárhæð kr. 8.000.000,00 til Gaums ehf. dags. 3. desember 1999 vegna kaupa Gaums ehf. á 50% hlut í Viðskiptatrausti ehf.

Kristín kveðst alfarið vísa til greinargerðar Stefáns Hilmarssonar varðandi þessi viðskipti á milli Baugs hf. og Gaums ehf.

Spurt er hvort gerðar hafi verið athugasemdir við þessa lánveitingu Baugs hf. til Gaums ehf. af hálfu einhverra innan eða utan félagsins.

Kristín kveðst ekki minnast athugasemda vegna þessara viðskipta.

**Greiðslur frá Gaumi ehf. sem færðar eru til lækkunar á stöðu skv. viðskiptareikningi.**

Kristínu er kynnt að þegar hafi fengist skýringar á þeim færslum sem færðar eru til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf. utan einnar færslu dags. 24. janúar 2001.

Kristínu er kynnt að skv. hreyfingalista viðskiptareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi Gaumur ehf. þann 24. janúar 2001 greitt kr. 22.000.000,00 til Baugs hf. Fyrir Kristínu er lögð gögn úr bókhaldi Baugs hf. vegna þessarar færslu. Einnig eru lögð fyrir Kristínu gögn sem fengust frá Gaumi ehf. með bréfi dags. 5. mars 2004.



006904

Kristín er beðin um að skýra þessa greiðslu frá Gaumi ehf. til Baugs hf.

Kristín segir að um sé að ræða greiðslu inn á viðskiptareikning hjá Baugi hf. vegna þeirra viðskipta sem höfðu verið á milli félaganna. Kristín segir aðspurð að ekki hafi verið um að ræða greiðslu vegna neinna sérstakra viðskipta heldur hafi greiðslan verið til lækkunar viðskiptareikningi.

Kristín er spurð hvort hún vilji á þessu stigi koma á framfæri upplýsingum varðandi greiðslur til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi.

Kristín segir að arðgreiðslur hafi verið færðar til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf. vegna viðskipta á milli félaganna.

**Staða á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf.**

Kynnt er að þann 20. maí 2002 þegar víxill var færður til lækkunar á kröfu Baugs hf. á hendur Gaumi ehf. samkvæmt viðskiptareikningi hafi staða reikningsins verið kr. 244.347.997,00.

Kristín er spurð hvort stjórn Baugs hf. hafi einhvern tíma verið gerð grein fyrir þessari stöðu á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf.

Kristín kveðst hafa svarað spurningum varðandi þessa stöðu í yfirheyrslu 4. apríl 2003 og kveðst hún vísa til þeirra svara nú.

**Víxill færður til lækkunar á kröfu samkvæmt viðskiptareikningi.**

Kristínu er kynnt að skv. hreyfingalista viðskiptareiknings Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi þann þann 20. maí 2002 verið færður víxill til lækkunar á viðskiptareikningum Gaums ehf., Jóhannesar Jónssonar, Kristínar Jóhannesdóttur og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Baugi hf. Víxill þessi var færður aftur í tímann þar sem færsla hans hafði ekki verið framkvæmd við húsleit lögreglu á starfstöð Baugs hf. þann 28. ágúst 2002. Fjárhæð víxilsins var kr. 336.808.000,00 og skiptist þannig að kr. 244.347.997,00 voru færðar til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf., kr 16.144.309,00 voru færðar til lækkunar á viðskiptareikningi Jóhannesar Jónssonar, kr. 3.338.833,00 vorur færðar til lækkunar á viðskiptareikningi Kristínar Jóhannesdóttur og kr. 66.188.861,00 voru færðar til lækkunar á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Kristín er spurð hvernig það hafi komið til að Gaumur ehf. hafi greitt kröfur Baugs hf. skv. viðskiptareikningum á hendur Gaumi hf., Jóhannesi Jónssyni, Kristínu Jóhannesdóttur og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni.

Kristín kveðst vísa til yfirheyrslu hennar hjá lögreglu dags. 4. apríl 2003 svo og greinargerðar Stefáns Hilmarssonar dags. 21. september 2004.

Kristín er spurð hvernig víxillinn hafi verið færður í bókhaldi Gaums ehf.

Kristín kveðst ekki geta tiltekið það hvernig farið var með víxilinn í bókhaldi Gaums ehf. en varðandi eigendur félagsins, Jóhannes, Kristínu og Jón Ásgeir hafi verið um að ræða inneign þeirra hjá Gaumi ehf. sem hafi verið lækkuð sem nam stöðu á viðskiptareikningum þeirra.

Kristínu er nú kynnt að rannsóknari hafi lokið formlegri yfirheyrslu. Kristín er spurð hvort hún vilji koma á framfæri atriðum sem varða þá þætti sem hún hefur verið yfirheyrð um í dag.



06905

Kristín kveðst vilja ítreka að um viðskiptalán hafi verið að ræða á milli Baugs hf. og Gaums ehf. en talsverð viðskipti hafi verið á milli félaganna.

Kristín Edwald verjandi Kristínar Jóhannesdóttur kveðst óska afrits þessarar skýrslu svo og afrits allra gagna málsins sem hún hafi ekki þegar fegnið afhent. Jafnframt kveðst Kristín Edwald óska afrits endanlegar skýrslu endurskoðenda efnahagsbrotadeildar þegar hún liggur fyrir.

Kristín les nú yfir framburð sinn.

Kristín hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasemdum.

Skýrslutöku lauk kl. 17:00

Staðfest rétt eftir haft:

Kristín Jóhannesdóttir

Skýrsluna skráði:

Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur þegar Kristín Jóhannesdóttir játaði efni hennar rétt eftir haft og undirritaði hana:

lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu,

Kristín Edwald hdl.



06906

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | RLS |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn | | Mál nr.<br>006-2002-0086 |
| Staður og stund:<br>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, fimmtudaginn 9. júní 2005, kl. 14.05 | | V/3.8 |
| Sakarefni:<br>Ætluð brot gegn ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. | | |
| Sakborningur/grunaður:<br>Kristín Jóhannesdóttir | | Kennitala:<br>090363-3959 |
| Starf/staða:<br>Framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. | | Vinnusími:<br>588 9990 |
| Lögheimili:<br>Barðaströnd 9, Seltjarnarnesi | | Sími:<br>561 1144/864 3539 |
| Dvalarstaður: | | Sími: |

Kristín Jóhannesdóttir er mætt til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun. Kristín hefur verið framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. frá árinu 1999 og varamaður í stjórn Baugs hf. frá 26. apríl 2000 og fram yfir þann tíma sem rannsókn lögreglu nær til.

Kristínu er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar meint brot hennar sem varamanns í stjórn Baugs hf. og framkvæmdastjóra Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. gegn ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hvað varðar lánveitingar til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Baugs hf. og Baugs Group hf.

Kristínu er kynnt að henni sé óskylt að svara spurningum um það sem henni er gefið að sök en jafnframt er brýnt er fyrir henni að kjósi hún að tjá sig um sakarefnið að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta

Kristín segist mótmæla sakargiftum.

Kristín Edwald hrl. er skipuð verjandi Kristínar og er hún viðstödd yfirheyrsluna.

**Greinargerð endurskoðenda RLS varðandi ætlaðar ólögmætar lánveitingar til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. – dags. 27. maí 2005.**

Þann 26. apríl sl. var Kristín yfirheyrð um ætlaðar ólögmætar lánveitingar á milli Baugs og Gaums og viðskiptakröfur Baugs á Gaum. Með bréfi dags. 31. maí sl. var verjanda Kristínar afhent afrit af greinargerð endurskoðendanna Sigurðar Heiðars Steindórssonar og Sifjar Einarsdóttir sem dagsett er 27. maí 2005 en Kristín þá jafnframt boðaður til yfirheyrslu í dag.

Kristín er spurð hvort hún vilji koma á framfæri athugasemdum og/ eða skýringum varðandi greinargerð endurskoðendanna dags. 27. maí til viðbótar við framburð sem hún gaf hér þann 26. apríl.

Kristín óskar að bókað verði eftir sér eftirfarandi: "Mál þetta hefur dregist úr hófi fram hjá embætti ríkislögreglustjóra, engu að síður hefur embættið veitt mjög skamman frest til að koma að athugasemdum um umfangsmikla greinargerð endurskoðenda þess. Því er áskilinn réttur til að leggja fram skriflegar athugasemdir við lokaútgafu greinargerðarinnar síðar. Þó skal tekið fram að undrun vekur að ekki hafi verið tekið tillit til ítarlegra og alvarlegra athugasemda endurskoðanda félagsins, Stefáns Hilmarssonar, við drög að greinargerð endurskoðenda RLS, sem fram kom í greinargerð hans dags. 21. september 2004 eða annarra athugasemda sem fram hafa komið í skýrslutökum og öðrum

gögnum málsins. Að öðru leyti vísa ég til mótmæla og athugasemda við efni greinargerðarinnar frá 27. maí sl. til svara minna í skýrslutökum hjá embættinu þann 4. apríl 2003 og 26. apríl 2005."

Skýrslutöku lauk kl. 14:15

Staðfest rétt eftir haft:

Kristín Jóhannesdóttir

Skýrsluna skráði:

Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn

Viðstödd yfirheyrslu og undirritun skýrslunnar:

Kristín Edwald, hrl.



06908

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | RLS | |
|---|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi | | Mál nr.<br>006-2002-00086 | V/39 |
| Staður og stund:<br>Þriðjudagur 14. júní 2005 kl. 14:00 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík | | | |
| Sakarefni:<br>Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf. | | | |
| Sakborningur/grunaður:<br>Kristín Jóhannesdóttir | | Kennitala:<br>090363-3959 | |
| Starf/staða: | | Vinnusími:<br>588 9990 | |
| Lögheimili:<br>Barðaströnd 9, 170 Seltjarnarnes | | Sími:<br>561 1144/864 3559 | |
| Dvalarstaður: | | Sími: | |

Kristín Jóhannesdóttir er mætt til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Henni er kunngert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Kristín nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en vafi þykir vera á hennar aðkomu að þeirri ætluðu refsiverðu háttsemi sem til rannsóknar er. Sú aðkoma er vegna stöðu Kristínar hjá Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Sökum vafans þykir rétt að Kristín hafi þessa réttarstöðu vegna réttarfarshagsræðis. Kristínu er kunngert að grunur sé um að fjármunir hafi á árinu 1999 runnið til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna kaupa Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. á árinu 1998, sem og síðar verður rakið. Enn fremur er grunur um að söluhagnaður af sölu fasteigna, er keyptar voru til Litla fasteignafélagsins ehf. frá Vöruveltunni hf. og síðan seldar Fasteignafélaginu Stoðum hf., hafi runnið til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. á árinu 1999. Sú háttsemi sem til rannsóknar er þykir kunna varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá aðallega við 247. gr. um fjárdrátt, 248. gr. um fjársvik og 249. gr. um umboðssvik.

Kristínu er kunngerð réttarstaðan um að henni sé óskylt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hún verður yfirheyrð um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Kristínu að ef hún kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurð segir Kristín að hún skilji þau ákvæði réttarfarslaga er henni hafa verið gjörð kunn. Með Kristínu er mætt Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður og dómskipaður verjandi Kristínar við opinbera rannsókn málsins.

Kristínu er kunngert að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslna hjá lögreglu nr. 395/1997 geti hún ráðfært sig við málsvara sinn áður en hún svarar spurningu við yfirheyrsluna, sem beint er til hennar, svo fremi sem yfirheyrandi telji það eigi trufla yfirheyrsluna.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Kristínu og svör hennar við þeim bókuð eftir henni í óbeinni ræðu. Kristínu verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður henni gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Kristín er spurð um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem henni hefur nú verið kynnt; hvort hún vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Kristín segir að hún neiti ætluðum sakargiftum. Kristín segir að hún vilji sérstaklega taka fram að hún hafi ekki tekið við sem framkvæmdastjóri Gaums ehf. fyrr en í septembermánuði 1999. Kristín segir enn fremur að hún hafi ekki komið inn í stjórn Baugs hf. fyrr en á árinu 2000 og þá sem varamaður.

## Gögn frá hlutafélagaskrá

**Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf.**

Kristínu er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar og fl. í Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Samantektin er byggð á upplýsingum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur nafni einkahlutafélagsins Ísaldí verið breytt í Fjárfestingarfélagið Gaum ehf. 6. nóvember 1998. Samkvæmt samantektinni er Kristín sögð hafa gegnt starfi formanns stjórnar frá 6. desember 1995 (dags. tilkynningar 27. des. 1995) til 27. ágúst 1999 (dags. móttöku 8. sept. 1999). Kristín er enn fremur sögð hafa tekið við framkvæmdastjórn félagsins frá og með aðalfundi, dags. 27. ágúst 1999. Kristínu er gefinn kostur á að kynna sér fyrirliggjandi gögn frá hlutafélagaskrá sem samantektin byggir á.

- Skjal málsins nr. II/17.1

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að þetta séu ekki réttar upplýsingar í samantektinni að því leyti að ný stjórn hafi ekki tekið við í félaginu á árinu 1995, heldur hafi stjórnin verið óbreytt frá 1989, sbr. fyrirliggjandi gögn frá hlutafélagaskrá. Kristín segir enn fremur að hún vilji taka fram að hún hafi á hluta þessa tímabils verið búsett erlendis, eða frá 1995 og fram til haustsins 1999. Kristín segir að hún hafi á því tímabili ekki tekið virkan þátt í stjórn félagsins.

Kristínu er kunngert að í yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005, hafi Jón Ásgeir Jóhannesson skýrt svo frá að hann hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., m. a. á árunum 1998 og 1999. Samkvæmt upplýsingum frá hlutafélagaskrá verður hins vegar ekki séð annað en að Jóhannes Jónsson hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins frá 6. desember 1995 til 27. ágúst 1999.

- Skjal málsins nr. V/4.18

Kristín er spurð hvort Jón Ásgeir hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.

Kristín segir að rétt sé að Jón Ásgeir hafi séð um daglegan rekstur félagsins á þeim tíma.



06910

## Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum

**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**
Kristínu er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:
- Skjal málsins nr. II/50.2

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hinn 8. október 1998 | kr. | 200.000.000,- |
| 2. Hinn 5. nóvember 1998 | kr. | 800.000.000,- |
| 3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér) | kr. | 150.000.000,- |
| | -------------------------- | |
| | Kr. | 1.150.000.000,- |

Kristín er spurð hvort hún þekki þennan samning og/eða hafi verið kunnugt um hann.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þennan samning á þeim tíma sem hann virðist vera gerður.

Kristín er spurð hvort henni sé kunnugt um hvort þessi samningur hafi verið efndur af hálfu kaupanda.

Kristín segir að hún viti það ekki, en hins vegar hafi Vöruveltan hf. endað hjá Baugi hf.

----------

**Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998**
Kristínu er kunngert að grunur sé um fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningnum hafi í fyrstu verið fjármögnuð þannig að kr. 200.000.000 voru teknar af reikningi frá Baugi-Aðföngum ehf. (dótturfélagi Baugs hf.), nr. 1151-26-000156 og umrædd fjárhæð í framhaldi lögð inn á bankareikning SPRON nr. 1151-26-009999. SPRON hafi síðan útbúið tékka í eigin nafni stílaða á Helgu Gísladóttur. Fyrir liggur að tékkinn var innleystur 9. október 1998, og fjárhæðin lögð inn á reikning Helgu nr. 0327-261708.
- Skjöl málsins nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þetta.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Kristín er spurð hvort að Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. hafi tekið á sig einhverjar skuldbindingar vegna endurgreiðslu á þessum fjármunum.

Kristín segir að við rannsókn skattrannsóknarstjóra á árinu 2004 hafi henni orðið kunnugt um að hlutabréf í Baugi hf., að nafnverði 10 milljónir króna, hafi á árinu 1999 runnið frá Gaumi ehf. til Helgu Gísladóttur. Kristín segir að fyrir þann tíma hafi henni verið ókunnugt um þetta, en veit ekki hvort það tengist þessum samningi eða öðrum í tengslum við þessi viðskipti.

**Síðari endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000**
Kristínu er sýnt afrit af lánasamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar við Kaupþing hf. fjárfestingarbanka vegna lántökuheimildar að heildarfjárhæð kr. 100.000.000, dags. 21. desember 1998.
- Skjöl málsins nr. II/50.4.1

Kristín er spurð hvort hún kannist við þennan lánasamning.

Kristín segir að hún hafi fengið vitneskju um þennan samning eftir rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Kristín er spurð hvort að Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. hafi tekið á sig einhverjar skuldbindingar vegna þessarar lánveitingar.

Kristín segir að hún muni það ekki, alltént hafi henni á þeim tíma sem lánið var tekið ekki verið kunnugt um það.

Kristínu er kunngert að grunur sé um að þessi greiðsla frá 21. desember 1998, að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf. inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., hafi verið greiðsla til baka á síðari helmingi 200 milljón króna upphafsgreiðslunnar.

Kristínu er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005. Jón Ásgeir var þá beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu:
- Skjal málsins nr. V/4.18

> *. . . Jón Ásgeir segir að hann vilji taka sérstaklega fram að Helga Gísladóttir hafi greitt inn á þetta lán í maí 1999 og hafi þá 25 milljónir runnið til hans og 36,5 milljónir hafi runnið til Gaums ehf., sem tekið hafi yfir þessa lánveitingu.*

Kristín er spurð um afstöðu til þessa framburðar Jóns Ásgeirs.

Kristín segir að hún rengi ekki framburð Jóns Ásgeirs. Kristín segir að hún vilji taka sérstaklega fram að Jón Ásgeir hafi séð um rekstur félagsins á þessum tíma og hafi hún sem áður segir ekki komið þar að, enda hafi Jón Ásgeir haft fullt traust hluthafa til þess starfs.

----------

## Samningur, dags. 10. nóvember 1998
**Sala annars vegar á 40 % hlut til stofnfjárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.**
Kristínu er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar hins vegar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá

eignarhlutur var seldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.
- Skjal málsins nr. II/50.7

Kristín er spurð hvort hún þekki til þessa samnings.

Kristín segir að hún þekki ekki til þessa samnings og minnist þess ekki að hafa séð hann áður.

**Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.**
**Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.**
Kristínu er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.
- Skjal málsins nr. II/50.7

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.
- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Kristín er spurð hvort hún þekki til þessarar lánveitingar.

Kristín segir að hún kannist ekki við þessa lánveitingu.

Kristínu er kunngert að grunur sé um að greiðslur vegna kr. 800.000.000, sem fara áttu fram 5. nóvember 1998, hafi átt sér stað í tvennu lagi 16. nóvember 1998 og hafi afhending félagsins að sama skapi dregist til þess tíma. Í fyrsta lagi voru kr. 351.777.778 greiddar inn á reikning Helgu Gíslsdóttur nr. 515-26-404848, en greiðslan samanstendur af innborgun að fjárhæð kr. kr. 350.000.000 og vaxtagreiðslu að fjárhæð kr. 1.777.778. Grunur er um að þetta hafi verið fjármagnað með svokölluð brúarláni Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur að fjárhæð kr. 350.000.000 þar til búið væri að selja 35 % eignahlut í félaginu, sem síðar var seldur til Eignarhaldfélagins Alþýðubankans o. fl. Í öðru lagi voru kr. 450.000.000 innborgaðar á reikning í eigu Helgu nr. 515-26-404848. Grunur er um sú greiðsla hafi verið fjármögnuð með sölu á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni til Fjárfars ehf. samkvæmt sérstökum samningi.

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þetta.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þetta.

**Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með víxli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum**
Kristínu er sýnt afrit af víxli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjalddaga 1. mars 1999. Kristínu er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrár Baugs hf. um sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags.



06913

2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum víxli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 16.200.000 eða að söluandvirði kr. 162.000.000.
- Skjöl málsins nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Kristín er spurð hvort hún kannist við umræddan víxil.

Kristín segir að hún hafi ekki séð þennan víxil áður.

Grunur er um að þessi víxill hafi ekki verið greiddur, heldur hafi þau Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson fengið hlutabréf að nafnvirði kr. 16.200.000 í Baugi hf. Bréfin munu hafa komið frá Kaupthing Luxembourg. Grunur er um að af þeirri fjárhæð hafi kr. 12.000.000 verið vegna vaxta. Grunur er um að þessi bréf hafi verið seld af fjárvörslureikningi Baugs hf. Kaupthing Luxembourg og að greiðslan hafi verið notuð til að standa skil á greiðslum á grundvelli kaupréttarákvæða í starfssamningum nokkurra stjórnenda Baugs Group hf., þ. á m. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þetta.

Kristín segir að hún hafi ekki haft vitneskju um þetta.

----------

**Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999**
Kristínu er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignarhlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnverði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiðast með eftirfarandi hætti:
- Skjal málsins nr. II/50.9

| | | |
|---|---|---|
| a) Við undirritun kaupsamnings | kr. | 225.000.000,- |
| b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi | kr. | 162.000.000,- |
| c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv. | kr. | 65.000.000,- |
| | Kr. | 447.000.000,- |

Kristín er spurð hvort hún kannist við þennan kaupsamning.

Kristín segir að hún kannist ekki við þennan samning.

----------

**Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiðast átti við undirritun kaupsamnings**
Kristínu er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.
- Skjöl málsins nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

**Greiðsla að fjárhæð kr. 36.500.000 til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.**
Kristínu er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka hf. útgefnum af prókúruhafa Baugs hf. Lindu Jóhannsdóttur, að fjárhæð kr. 36.500.000, dags. 8. júní 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan".
- Skjöl málsins nr. II/50.11.1 og II/50.9.1

Kristín er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna þessi greiðsla hafi runnið til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

Kristín segir að hún geti ekki svarað því, af fyrrgreindum ástæðum þess efnis að hún hafi ekki haft nokkur afskipti af stjórnun og rekstri félagsins á þessum tíma.

Kristínu er sýnd útprentun úr bókhaldi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. úr færslu- og dagbók félagsins vegna greiðslu á kr. 36.500.000. Samkvæmt því sem þar kemur fram hefur umrædd fjárhæð verið tekjufærð í bókhald Fjarfestingafélagsins Gaums ehf.
- Skjöl málsins nr. II/50.11.2

Kristín er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna það hafi verið.

Kristín segir að hún viti það ekki. Aðspurð segir Kristín að hún muni eftir að þessi fjárhæð hafi komið upp í rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 163.500.000 – ráðstöfun á móti kaupum Fjárfars í Vöruveltunni**
Kristínu er sýnt afrit af viðskiptayfirliti Íslandsbanka hf. vegna sölu Fjárfars ehf. á hlutabréfum í Vöruveltunni að nafnverði kr. 30.480.000, dags. 14. maí 1999 – söluverð kr. 163.500.000 og afrit af bréfi Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna beiðni um gögn og upplýsingar vegna viðskipta Baugs hf. og sölu Íslandsbanka hf. á Vöruveltunni hf., dags. 1. mars 2001. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi greiðsla hafa verið fjármögnuð með þeim hætti að Fjárfar ehf. keypti 10 % af hlutafé Vöruveltunnar, dags. 14. maí 1999, eða viku áður en kaupsamningur um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafé Vöruveltunnar hf. átti sér stað.
- Skjöl málsins nr. II/50.12.1 og II/50.12.2

Kristínu er kunngert að samkvæmt útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á dagbók félagsins og afriti af yfirliti tékkareiknings í eigu Baugs hf. hafi þessi greiðsla runnið til Íslandsbanka hf. og er sögð vera vegna Helgu Gísladóttur.
- Skjöl málsins nr. II/50.12.3 og II/50.12.4

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af ársreikningi Fjárfars ehf. fyrir árið 1999 og afrit af skattframtali félagsins fyrir árið 1999. Samkvæmt umræddum gögnum virðast upplýsingar um þessi viðskipti ekki hafa skilað sér inn í ársreikning Fjárfars ehf., þ. e. kaup félagsins á þessum hlutabréfum frá Íslandsbanka hf. í Vöruveltunni hf.
- Skjöl málsins nr. II/50.25.3

Kristínu er kunngerður eftirfarandi framburður Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Aðalsteinn var spurður hvort hann hefði kannast við kaupsamninginn frá 21. maí 1999:
- Skjal málsins nr. IV/35.2

> *Aðalsteinn segir að hann hafi ekki séð þennan kaupsamning áður. Aðalsteinn segir að gagnaöflun við gerð ársreiknings vegna ársins 1999 hafi átt sér stað á miðju ári 2000. Aðalsteinn segir að á þeim tíma hafi hann verið í sambandi við Helga Jóhannesson og Kristínu Jóhannesdóttur við þá gagnaöflun, en þau hafi á þeim tíma verið í fyrirsvari fyrir Fjárfar ehf. Aðalsteinn segir að Helgi og Kristín hafi meðal annars mætt á fund hjá KPMG Endurskoðun og í framhaldi af því hafi öllum fyrirspurnum verið beint til þeirra, þó aðallega Kristínar.*

*Aðalsteinn segir að hann og aðstoðarmaður sinn, Hafsteinn Sæmundsson viðskiptafræðingur hjá KPMG Endurskoðun á þeim tíma, hafi séð um gagnaöflun til að ljúka við uppgjör á Fjárfari ehf. Aðalsteinn segir að þrátt fyrir ítrekaðar óskir til Kristínar hafi bókhaldsgögn um Fjárfar ehf. ekki borist og hafi því verið vandkvæmum [svo] bundið að ljúka ársreikningi vegna ársins 1999. Aðalsteinn segir að uppgjör hafi dregist til desembermánaðar 2000 þar sem ýmislegt hafi ekki gengið upp við uppgjör félagsins.*

*Aðalsteinn segir að niðurstaða málsins hafi orðið sú að ljúka við ársreikning Fjárfars ehf. vegna 1999 um áramótin 2000/2001, en þá hafi legið fyrir að þau Helgi og Kristín hafi ekki getað aflað frekari bókhaldsgagna fyrir Fjárfar ehf.*

*Aðalsteinn segir að á árinu 2004 hafi Stefán Hilmarsson haft samband við hann og óskað eftir því að nýr ársreikningur fyrir Fjárfar ehf. vegna ársins 1999 yrði gerður, en sá ársreikningur hafi átt að grundvallast á upplýsingum úr niðurstöðu skattrannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi Fjárfar ehf. og upplýsingum frá bókhaldi Gaumi ehf. og Baugs hf. Aðalsteinn segir að samkvæmt hans vitneskju hafi sú beiðni upphaflega komið frá Hreini Loftssyni til Stefáns Hilmarssonar.*

*Aðalsteinn segir að við þá vinnu hafi honum orðið ljóst að í bókhaldi Gaums ehf. hafi verið til viðskiptamannareikningur við Fjárfar ehf., sem aldrei hafi verið látinn í té. Aðalsteinn segir að þar hafi komið fram ýmsar peningahreyfingar sem Gaumur ehf. hafi annast í nafni Fjárfars ehf., en þær upplýsingar hafi honum ekki áður verið veittar þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um til Kristínar Jóhannesdóttur.*

*Aðalsteinn segir að Margrét Nikulásdóttir, endurskoðandi, hafi aðstoðað hann við þessa vinnu. Sú vinna hafi sem áður segir verið unnin vegna beiðni fyrirsvarsmanna Baugs hf. eða Gaums ehf.*

*Aðalsteinn segir að leiðréttum ársreikningi vegna ársins 1999 fyrir Fjárfar ehf. hafi honum vitanlega ekki lokið. Aðalsteinn segir þegar hann hafi hætt störfum hjá KPMG Endurskoðun í apríl síðastliðnum þá hafi honum vitanlega ekki verið búið að rita undir uppgjörið. Ástæða þess hafi verið sú að Helgi Jóhannesson, stjórnarformaður Fjárfars ehf. frá árinu 2000, hafi ekki viljað rita undir leiðrétt uppgjör og Jóhannes Jónsson, núverandi stjórnarformaður félagsins, ekki heldur.*

Kristínu er enn fremur kunngerður eftirfarandi framburður Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Aðalsteinn var spurður í hverju breytingar á ársreikningi Fjárfars ehf. vegna 1999, sem gerðar voru eftir á, hefðu verið fólgnar:
- Skjal málsins nr. IV/35.2

*Aðalsteinn segir að hann muni það ekki nákvæmlega, að öðru leyti en því að það hafi tengst viðskiptum með hlutabréf við KB-banka og Íslandsbanka. Aðalsteinn segir að hann reki minni til að þetta hafi verið þrenn eða fern viðskipti með hlutabréf. Aðalsteinn segir enn fremur að hann reki minni til að breytingin hafi snúist um söluhagnað af hlutabréfaviðskiptum, sem í raun hafi verið heimilt að fresta samkvæmt íslenskum skattalögum. Aðalsteinn segir að ítarlega greiningu á þessu sé að finna hjá Margréti Nikulásdóttur, endurskoðanda.*

Kristín er spurð um afstöðu til þessa framburðar Aðalsteins.

Kristín segir að hún vísi þeim ummælum Aðalsteins alfarið á bug að hann hafi ítrekað óskað eftir upplýsingum sem honum hafi ekki verið veittar. Kristín segir að þessi gagnaöflun hafi snúist um að ljúka ársreikningi. Hún kveðst hafa annast þá gagnaöflun með Helga Jóhannessyni og verið í sambandi við Jón Ásgeir sem hafi komið fram sem tengiliður við hluthafa Fjárfars. Kristín segir að Aðalsteinn hafi fengið allar upplýsingar og öll gögn í hendur sem hægt hefði verið að útvega. Kristín segir enn fremur að aldrei

hafi hvarflað að henni að leyna Aðalsteini upplýsingum um viðskiptareikning Gaums ehf. við Fjárfar. Kristín segir að hún vilji ítreka að Aðalsteinn fari þarna með rangt mál.

----------

**Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)**
Kristínu er sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Kristínu er kunngert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupthingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.
- Skjöl málsins nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Kristín hefur þegar greint frá að henni hafi verið ókunnugt um þetta. Aðspurð segir Kristín að hún hafi engu við það að bæta.

---------

**Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000**
Kristínu er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000; afrit af minnisblaði vegna aukaaðalfundar Baugs hf., haldinn 24. júní 1999 – tillaga um aukningu hlutafjár í Baugi hf. og afrit af minnisblaði vegna flutnings Baugs hf. í bankaviðskipti við Íslandsbanka, dags. 10. júní 1999. Kristínu er samhliða téðum gögnum sýnt afrit af fundargerð hluthafafundar Baugs hf., dags. 24. júní 1999. Kristínu er kunngert að samkvæmt umræddum gögnum hafi hluthafar Baugs hf. samþykkt að auka hlutafé í félaginu um kr. 82.500.000 að nafnverði, sem nota átti sem gagngjald fyrir hlutabréf í Vöruveltunni hf. Kristínu er kunngert að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.
- Skjöl málsins nr. II/50.14.1, II/50.14.2, II/50.14.3, II/50.14.4 og II/50.14.2

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um að þessi hlutabréf hafi runnið til Fjárfars ehf.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um það.

----------

**Sölusamningur, dags. 5. júní 1999**
Kristínu er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjáreignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:
- Skjal málsins nr. II/50.15

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Kaupandi hefur þegar greitt með peningum | kr. | 287.500.000.00 |
| 2. | Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999) | " | 5.000.000.00 |
| 3. | Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000 | " | 5.000.000.00 |
| | | Samtals kr. | 297.000.000.00 |

Kristín er spurð hvort hún kannist við þennan samning.

Kristín segir að hún hafi ekki séð þennan samning áður og þekki ekki innihald hans.

**Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum**

Kristín er spurð hvort hún hafi haft einhverja aðkomu að stofnun eða rekstri Litla fasteignafélagsins ehf.

Kristín segir að hún hafi ekki komið að stofnun félagsins. Kristín segir að hún hafi komið inn í stjórn félagsins í október 1999, en þá hafi verið búið að selja allar fasteignir félagsins.

Kristínu er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar og fl. í Litla fasteignafélaginu. Samantektin er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni er Kristín sögð hafa setið í stjórn félagsins frá 4. október 1999 til 31. desember 1999.
- Skjal málsins nr. II/25.7.0

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að þessar upplýsingar séu réttar hvað hana varðar.

Aðspurð segir Kristín að Litla fasteignafélagið ehf. hafi sameinast Gaumi ehf. um áramót 1999/2000.

**Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**
Kristínu er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Solveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Kristínu sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir" milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal", frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.
- Skjöl málsins nr. II/50.17.3 til II/50.17.5 og II/50.23.3

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Kristín er spurð hvort hún hafi komið að þessum kaupum.

Kristín segir að það eina aðkoma hennar að þessu máli hafi verið að undirrita kaupsamning sem dagsettur hafi verið aftur í tímann þegar Litla fasteignafélagið seldi Fasteignafélaginu Stoðum hf. umræddar fasteignir. Kristín segir að hún hafi undirritað þann samning eftir að hún kom í stjórn Litla fasteignafélagsins, eða í október 1999. Kristín segir að leitað hafi verið ráðgjafar lögmanns og endurskoðanda um að dagsetja kaupsamninginn aftur í tímann; til þess tíma sem viðskiptin hefðu átt sér stað, og ekkert hafi þótt óeðlilegt við það. Kristín segir að hún hafi hvorki komið að verðmati þessara fasteigna né samningaumleitunum varðandi það.

Kristín er spurð hvort hún viti hvernig kaupverð til Litla fasteignafélagsins hafi verið ákvarðað.

Kristín segir að hún viti ekki hvernig það hafi verið ákvarðað eða hver hafi séð um það.

----------

**Samruni Litla Fasteignafélagsins og Fjárfestingarfélagsins Gaums**

**Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1999 og Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.**

Kristínu er sýnt afrit af óundirrituðum árshlutareikningi Litla fasteignafélagsins ehf. 31. maí 1999 – dags. 17. ágúst 1999. Samkvæmt árshlutareikningnum, sem er fyrir tímabilið janúar-maí 1999, nam hagnaður tímabilsins 1,2 milljónir kr., veltufé frá rekstri nam 2,4 milljónum króna, handbært fé frá rekstri nam 7,7 milljónum króna og eigið fé í lok tímabilsins var neikvætt um 1 milljón kr. Einu rekstrartekjur tímabilsins voru húsaleigutekjur 17,9 milljónir kr. og eignir námu 446 milljónum kr., þar af voru fasteignir og lóðir 440 milljónir kr. Fyrir liggur að félagið var með langtímasamninga um allar fasteignir þess.

- Skjal málsins nr. II/50.19.3

Kristín er spurð hvort hún hafi komið að gerð þessa árshlutareiknings.

Kristín segir að hún hafi ekki komið að gerð þessa árshlutareiknings. Kristín segir að hún vilji vekja athygli á því að skuldir félagsins samkvæmt árshlutareikningi hafi verið tæpar 447 milljónir króna.

Kristín er spurð hvort hún viti til þess hvort bókhald Litla fasteignafélagsins sé til.

Kristín segir að hún viti ekki til þess og hafi aldrei séð það. Kristín segir að hún vilji benda á Aðalstein Hákonarson, endurskoðanda, í því sambandi en hafi séð um að færa bókhald félagsins.

**Gögn um samruna Litla fasteignafélagsins ehf. við Fjárfestingafélagið Gaum ehf.**

Kristínu er sýnt afrit af tilkynningu KPMG Endurskoðunar ehf. til hlutafélagaskrár um samruna Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf., dags. 31. maí 2000 – móttekið 26. júní 2000.

- Skjal málsins nr. II/25.7.9

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af óundirrituðum samrunaefnahagsreikningi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf. vegna ársins 1999. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur 179,1 milljón kr., þar af námu húsaleigutekjur 19,5 milljónum kr. og söluhagnaður fasteigna 159,6 milljónum kr. Eignir námu 157,6 milljónum kr., sem var krafa á Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

- Skjal málsins nr. II/50.19.4

Kristín er spurð hvort hún hafi komið að þessum samruna.

Kristín segir að hún hafi ekki komið að þessu, en það hafi endurskoðendur félaganna annast.

Kristín er spurð hvort þetta hafi verið endanlegur samrunaefnahagsreikningur.

Kristín segir að til sé undirritaður reikningur.

Kristín er spurð hvort hún viti hvert kaupverð Litla fasteignafélagsins hafi verið.

Kristín segir að eins og fram hafi komið í rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins hafi það verið 500 þúsund krónur.

Kristínu er sýnt afrit af kvittun um að Gaumur hf. hafi greitt Solveigu Theodórsdóttur og Grétari Haraldssyni andvirði hlutafjáreignar í Litla fasteignafélaginu ehf., dags. 31. desember 1999. Samkvæmt

téðu skjali hefur Gaumur hf. greitt þeim Grétari og Solveigu kr. 500.000 fyrir hlutafé Litla fasteignafélagsins ehf.
- Skjöl málsins nr. II/50.26.1

Kristín er spurður hvort Fjárfestingarfélagið Gaumur hf. hafi greitt þessa fjárhæð til Grétars Haraldssonar og Sólvegar Theodórsdóttur.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um að þessi fjárhæð hafi verið greidd. Kristín segir að samkvæmt síðari vitneskju hennar hafi Jón Ásgeir greitt Grétari Haraldssyni 500 þúsund krónur í maí 1999. Kristín segir að þessar upplýsingar hafi komið fram í rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Aðspurð segir Kristín að greiðsla á þessari fjárhæð hafi verið gerð upp í bókhaldi Gaums ehf. milli Jóns Ásgeirs og Gaums ehf. Kristín segir að henni vitanlega hafi ekki átt sér uppgjör milli Grétars Haraldssonar og Gaums ehf., enda hafi fyrir þann tíma átt sér stað uppgjör vegna greiðslunnar milli Jóns Ásgeirs og Grétars.

Kristínu er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá beðinn að gera grein fyrir þessu skjali:
- Skjal málsins nr. IV/53.1

> *Grétar segir að hann muni ekki eftir þessu skjali, en það sé dagsett löngu eftir að hann hafi hætt afskiptum af félaginu. Grétar segir að þetta sé líklegast það skjal sem hann hafi vísað áður í; þess efnis að Tryggi og Jón Ásgeir væru raunverulegir eigendur Litla fasteignafélagsins. Grétar segir að hann hafi aldrei fengið greitt samkvæmt þessu og hafi þetta skjal aðeins verið útbúið til málamynda.*

Kristín er spurð um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Kristín segir að hún þekki ekki þetta mál, ekki að öðru leyti en því sem hún hafi áður sagt.

----------

**Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.**
Kristínu er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Kristínu sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir" milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.
- Skjöl málsins nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirfærslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstaland 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Kaupsamningurinn er undirritaður af Kristínu fyrir hönd



06921

Litla fasteignafélagsins ehf. og Tryggva Jónssyni og Lindu Jóhannsdóttur fyrir hönd Fasteignafélagsins Stoða hf.
- Skjöl málsins nr. II/50.18.1

Kristínu er kunngert að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálft ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:
- Skjöl málsins nr. II/50.23.5

*Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JÁJ*

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að hún muni ekki eftir þessu skeyti og viti ekki hvers vegna þessi spurning hafi komið upp eins og þarna virðist vera.

Kristínu er sýnt afrit af uppgjöri vegna kaupsamnings dags. 1. júní 1999 milli Fasteignafélagsins Stoða hf., sem kaupanda og Litla fasteignafélagsins, sem seljanda, ódagsett og afrit af reikningsyfirlitum Íslandsbanka á reikningi Gaums nr. 0527-26-1099 vegna innborgana að fjárhæð kr. 50.000.000, dags. 7. september 1999; kr. 10.000.000, dags. 18. október 1999 og kr. 97.606.323, dags. 20. desember 1999.
- Skjöl málsins nr. II/50.18.5 og II/50.18.6

Kristínu er kunngert að samkvæmt téðum gögnum hafi söluhagnaður fasteigna verið tilkominn vegna sölu fasteigna Litla fasteignafélagsins ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf., dags. 1. júní 1999. Samtals hafi söluverðmæti fasteignanna sem áður segir numið 604,6 milljónum kr. og að frádregnum yfirteknum langtímalánum að fjárhæð 252,7 milljónum kr. skv. kaupsamningi og yfirtöku skammtímaskulda hafi útborgun numið kr. 157.606.323 og hafi hún runnið inn á bankareikning í eigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. sem hér segir:

| Dags. | Kr. |
|---|---|
| 07.09.1999 | 50.000.000 |
| 18.10.1999 | 10.000.000 |
| 20.12.1999 | 97.606.323 |
| **Samtals** | **157.606.323** |

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að þessi fjárhæð hafi runnið til Litla fasteignafélagsins og verið meðhöndlað krafa Litla fasteignafélagsins ehf. á hendur Gaumi. Kristín segir að ástæða þess að þetta hafi runnið inn á bankareikning Gaums ehf. hafi verið sú að Litla fasteignafélagið hafi ekki haft bankareikning. Kristín segir að hún vilji árétta að þetta hafi ekki verið greiðsla sem runnið hafi til Gaums.

Kristínu er sýnd tafla þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

| **Fasteignir:**<br>**Í þús. kr.** | **Skjala-númer** | **Kaupverð 1998** | **Skjala-númer** | **Kaupverð 1999** | **Skjala-númer** | **Söluverð 01.06.1999** | **Mismunur** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Keypt af Vöruveltunni hf.:* | | | | | | | |
| Suðurlandsbraut 48 | II/50.23.5 | 11.812 | | | | 14.790 | 2.978 |
| Laugalækur 2 | II/50.17.5 | 21.032 | | | II/50.18.3 | 58.038 | 37.006 |
| Sporhamrar 3 | II/50.17.6 | 39.324 | | | II/50.18.4 | 58.038 | 18.714 |
| Langarimi 21-23 | II/50.17.4 | 52.432 | | | II/50.18.2 | 58.038 | 5.606 |
| Grímsbær/Efstaland 26 | | 92.500 | | | | 168.300 | 75.800 |
| *Samtals keypt af Vöruv.:* | II/50.23.5<br>II/50.17.7 | *217.100* | | | | *357.204* | *140.104* |
| *Keypt af öðrum:* | | | | | | | |
| Engihjalli 8 | II/50.17.7 | 158.000 | | | | 183.600 | 25.600 |
| Barónstígur 2 – kaupár 1999 | II/50.17.7 | | II/50.19.3<br>(bls. 9) | 62.000 | | 63.750 | 1.750 |
| **Samtals** | II/50.17.7 | **375.100** | | **62.000** | II/50.18.1<br>II/50.18.5 | **604.554** | **167.454** |

Kristínu er kunngert að samkvæmt töflunni hafi innborgun til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna kaupa fasteigna, sem áður voru í eigu Vöruveltunnar hf., numið rúmum 140 milljónum króna, en umræddar fasteignir voru: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur, Sporhamrar, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Kristín er spurð um afstöðu til þess.

Kristín segir að hún segir að hún hafi ekkert um það segja, umfram það sem þegar er komið fram.



06923

Kristín er spurð að lokum hvort hún vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Kristín segir að svo sé ekki.

Kristín Edwald, verjandi Kristínar, er spurð hvort hún vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrslunnar.

Kristín segir að hún vilji endurrit rannsóknargagna í hendur og þá sérstaklega framburðarskýrsluna. Kristín segir að hún óski þess að fá formlegt svar um það nú þegar hvort henni verði afhent gögnin nú eður ei.

Kristínu er kunngert að þeirri beiðni sé hafnað af hálfu Ríkislögreglustjórans með skírskotun til 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, um að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.

Kristín hefur lesið skýrsluna yfir. Hún telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið þriðjudaginn 14. júní 2005 kl. 18:14

Yfirlesið staðfest rétt

Kristín Jóhannesdóttir

Skýrslu gerir

Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstödd yfirheyrslu, staðfest rétt

Kristín Edwald

Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu

Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi



06924